

ÞITT
EINTAK

STERKJUS

RVK

3. MARS 2006 | 9. VÍKA

HULDA HÁKON
FALKAORDAN
OG MIKKI MÚS

ER VINUR ÞINN
STERHAUS?

ELLY ÁRMANNSS
OPNAR DYRNAR

FÖKKING HAGSMUNAPÓT

EINAR ÖRN BENEDIKTSSON OG CURVER THORODDSEN SKIPA HLJÓMSVEITNA GHOSTDIGITAL.
ÞEIR GÁFU ÚT DISKINN IN COD WE TRUST Á DÖGUNUM. TITILLINN ER MEÐAL ANNARS
ÁDEILA Á AULAHÁTT STJÓRN MÁLAMANNA.

+ ALLT SEM ÞÚ ÞARFT AÐ VITA UM MENNINGAR- OG SKEMMTANALÍFIÐ Í REYKJAVÍK

PÉTTI TEKNÓ KEYRSLA

HANN HEFUR SPILAÐ ÚTI UM ALLAN HEIM OG ER ORÐINN STÆRSTA NÚMERIÐ Á HÁTÍÐUM EINS OG LOVE PARADE OG Í LOVE TECHNO EN SÍÐAST ÞURFTI AÐ LOKA FYRIR SALINN SEM HANN SPILAÐI Í VEGNA ÞRENGSLA. MARCO BAILEY MUN KOMA TIL ÍSLANDS OG SPILA Á NASA 3. MARS. MARCO BAILEY ER EINN VINSÆLASTI TEKNÓTÓNLISTARMAÐUR FRÁ UPPHAFI EN HANN Á AÐ BAKI ROSALEGAN FERIL OG ER ÞEKKTUR FYRIR ÞÉTTA TEKNÓKEYRSLU. HANN SPILAR ÞÓ EINNIG MILDARI TÓNA OG EIGA ÍSLENDINGAR VON Á GÓÐU KVÖLDI 3. MARS.

Þetta er náttúrliga stærsti dansplötusnúður í Belgíu, ekki bara Belgíu heldur í allri Evrópu. Hann er að spila úti um allan heim, alltaf,“ segir Arnviður Snorrason, betur þekktur sem Addi Exos. Plötusnúðurinn Marco Bailey spilar á Nasa um helgina og mun Addi og hljómsveitin Ajax hita upp. „Það eru náttúrliga Þórhallur og Bjóssi, þeir hafa ekki komið saman í nokkur ár þannig að það verður mjög athyglisverður viðburður,“ segir Exos um dagskrána. Þórhallur og Sigurbjörn skipuðu Rave-sveitina AJAX og ætla kapparnir í AJAX að spila sín uppáhaldslög frá Icerave tímabilinu 1992 og rifja upp gamla hardcorið eins og það gerðist best. Ásamt Ajaxbræðrum mun sérstakur gestur, Aggi Agzilla, stíga á stokk en hann var einn af umsjónarmönnum B-hliðarinnar sem var á dagskrá á útvarpsstöðinni Útrás árin 1990-1992. „Síðan hita ég náttúrliga fólk þetta upp áður en Marco Bailey byrjar stuðið.“ Svo er Hiphop.is á efri hæðinni, þar verða fjórir plötusnúðar sem ætla að halda uppi stuðinu á hæðinni. Þetta eru þeir Hermigervill, Dj Paranoia, Dj Mezzo og Danni Deluxe. „Ég er náttúrliga að halda þetta til þess að halda teknósennu gangandi á Íslandi. Þetta verður skemmtileg blanda því þetta eru þrjár ólíkar tónlistarstefnur, teknó, old school hardcore og svo hip hop,“ segir Exos sem sér um techno.is útvarpsþættina á Flass fm 104,5 öll fimmtudagskvöld.



EXOS HITAR UPP OG STENDUR FYRIR ÞESSARI TEKNÓVEISLU.



MARCO BAILEY HELDUR UPPÍ ÞÉTTUM TEKNÓTAKTI.

SIRKUS MÆLIR MEÐ



Kia Picanto. Gæðastálið frá Suður Kóreu hefur rokið út úr umboðinu og virðist sem hreinlega allir vilji tryggja sér þessi gæði. Kia bílarnir koma vel út úr öllum könnunum og Kia Picanto er draumur námsmannsins. Eyðir nánast engu – auðvitað eyðir hann einhverju – en nánast engu. Léttir og skemmtilegir bílar. Kóreumaðurinn er að koma sterkur inn í bílaframleiðslu.



Bílaþvottastöðinni í Holtagörðum. Þarna geturðu komið með vagninn þinn grútskítugan og þrifið hann með öllum tiltækum græjum. Þú reddar máluum fyrir 600 kall og bíllin sjænar. En mundu þó að þurrka bílinn vel með vaskaskinni.



Thai grill. Þar sem áður var sjoppa við Hliðina á Ísbúðinni í Hagamel er kominn tælenskur matstaður. Þetta er sami eigandi og var á sjoppunni og hann hefur engu gleymt. Þjónustlundin er í fyrirrúmi. Hann er yfirvegaður og hefur þægilega nærveru, enda mikilvægt að halda rönni á þessum síðustu og dýrustu tímum. Sirkus mælir sérstaklega með kjúklingi í grænu Karrí. Fleiri skemmtilegir réttir eru á boðstólnum.



Blóðbönd. Þessi íslenska kvikmynd eftir Árna Ólaf er að svinvirka. Það er ekki síst Hilmari Jónssyni að þakka en hann fer með aðalhlutverk í myndinni. Flott mynd um íslenskan raunveruleika.

ONLY THE GOOD DIE YOUNG

Sirkus RVK fer víða í þessu tölublaði. Allt frá 101 austur á Hallormsstað en einnig drepur blaðið niður fæti í Honduras og Færeyjum. Það er líka nóg um að vera í heiminum þessa dagana sem vert er að fjalla um. Sirkus sniðgengur þó eitt viðfangsefni fjölmiðlanna. Það er þessi blessaða fuglafilensa sem hefur valdið miklu fjaðrafoki í orðsins fyllstu merkingu. Litlir krakkar í kjúklingabúningum voru utangarðs á öskudaginn því enginn vildi eiga það á hættu að smitast af þeim. Þó virðist sem þjóðin skiptist í tvær fylkingar í þessum efnunum – Hina hræddu og þá óhræddu. Aðalatriðið er held ég að halda ró sinni og leyfa tímanum að leiða sitt í ljós. Annars hef ég engar áhyggjur því ég er ungur og only the good die young.

Sólmundur Hólm

SIRKUSÁVARPIÐ

SIRKUS®

365


Auglýsingastjóri: Jóhannes Már Sigurðarson
Kynningarstjóri: Guðmundur Arnar Guðmundsson
Sölustjóri: Einar Björgvin Davíðsson, sirkusauglýsingar@365.is
Ritstjóri: Sólmundur Hólm
Ritstjórn: Hjörvar Hafliðason og Sigríður Ella Jónsdóttir.
Áskrift: 550 5000 / askrift@365.is
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja



Forsíðumyndina tók Heiða af Ghostdigital

EFNI

- 4 – Svali Kaldalóns yfirheyrður í drasl
- 6-7 – Stelpurnar í sófanum hafa runnið sitt skeið
- 8-9 – Ghostdigital sukkar bara um helgar
- 10 – Hulda Hákon opnar tvær sýningar í dag
- 12 – Elly Ármanns opnar dyrnar
- 14 – Spurningakeppni rauðhærða fólksins
- 16 – Er vinur þinn sterahaus?
- 18 – Ellen Erla er nemi á Hallormsstað
- 20 – Hvað var vinsælt þegar Sívía Nótt fæddist
- 29-30 – Allt sem þú vilt vita um menningar- og skemmtanalífið í Reykjavík




Nicotinell®

Gott bragð til að hætta að reykja!



**Reyklaus
með Nicotinell**

SIRKUS MÆLIR EKKI MEÐ



...Sirkus mælir ekki með MSN á vinnustöðum. MSN er mikill tímaþjófur og detti starfsmaður í djúsi spjall er líklegt að hann afreki ekki neitt yfir allan daginn. Þá er MSN staður þar sem misskilningurinn fæðist, þ.e.a.s. ef þú notar ekki réttu blikk kallana á réttum tíma.



...Sirkus mælir ekki með ofurölvun. Nú þegar erfiðustu skammdegismánuðirnir eru að baki er um að gera að sýna stilli í drykkju. Það var í góðu lagi að vera slefandi fullur í janúar og febrúar en nú er mars og því skulum við róa okkur aðeins.



...Sirkus mælir ekki með óþarfa skotum og leiðindum gagnvart fólki með freknur. Flestir þeir sem eru með freknur vita vel af því og þurfa því ekki að láta minna sig á það sí og æ. Freknur eru hraustleika merki sem ber að státa sig af.



..Sirkus mælir ekki með SMS skeytum. Hvað er leiðinlegra en að skrifa SMS með einum putta eins og eitthvað algjört viðrini. Einn skiptin sem senda á SMS er þegar maður er að huga að ástarmálunum. Það er ekki eðlilega vont af fá SMS sem á stendur „Hvad segir tu gott“ frá bróður sínum.

SIGVALDI KALDALÓNS, EÐA SVALI, ER EINN AF ÞÁTTA-STJÓRNENDUM ZÚÚBER SEM ER VINSÆLASTI MORGUN-ÞÁTTURINN Á MEÐAL UNGMENNA Í ÚTVARPI HÉR Á LANDI. SIRKUS RVK TÓK SVALA TALI OG YFIRHEYRÐI KAUDA.


VETT UM HEIÐARLEGAN YFIRHEYSLAN FASTEIGNASALA

SEFURÐU NAKINN?

Stundum. Það fer soldið eftir því hvað maður hefur verið að bardúsa áður en maður fer að sofa.

HVORT MYNDIRÐU FREKAR VILJA SÆNGA HJÁ FEITRI STELPU MEÐ SÆTT ANDLIT EÐA LJÓTRI MEÐ FLOTTAN SKROKK?

Ætli sú með flotta skrokkinn yrði ekki fyrir valinu.



HVAÐ VARSTU HREINN SVEINN Í MÖRG ÁR?

Í 16 ár.

HVER ER MEÐ VERSTU ÚTVARPSRÖDDINA?

Guðni Már á Rás 2. Hann mætti vera líflægri.

GERIRÐU GRÍN AÐ RAUÐHÆRÐUM EÐA LITUÐU FÓLKI?

Rauðhærðum. Það er alveg á hreinu. Ég þekki marga rauðhærða og hef leyfi til að gera grín að þeim.

EF ÞÚ FENGIR AÐ VELJA ÞÉR EITT STRÍÐ Í SÖGUNNI TIL AÐ BERJAST Í, HVERT YRÐI FYRIR VALINU?

Mig hefur aldrei langað að berjast í stríði öflugt við marga aðra karlmenn. En ef ég fengi að velja yrði það eitthvað stríð þar sem fáir lágu í valnum.

HVORT HÉLSTU MEÐ SOVÉTRÍKJUNUM EÐA BANDARÍKJUNUM Í KALDA STRÍÐINU?

Ég var með Kananum. Trúði aldrei á kommúnismann og hugmyndafræðina á bak við hann.

HORFDIRÐU EINHVERN TÍMANN Á ÞÆTTINA STRANDVERÐI EINN MEÐ SJÁLFUM ÞÉR?

Já auðvitað. Og sá karlmaður sem neitar því er að ljúga.

HVAÐ ER LANGT SÍÐAN ÞÚ HORFDIR Í SPEGIL OG HUGSADIR MEÐ ÞÉR, SHIT HVAD ÉG ER FLOTTUR?

Bara nú í morgun. Ég byrja alla daga á því.

UNNUR BIRNA, LINDA PÉ EÐA HÓFÍ?

Linda Pé. Hún var bara svo áberandi falleg og er enn. Hún minnir mig mikið á konuna mína. Svona ódyrari útgáfan af henni.

HEFUR ÞÚ HITT HEIÐARLEGAN FASTEIGNASALA?

Einu sinni. Og var þá búinn að hitta fjölmarga.

LESTU FYRIR MIG SÍÐASTA SMS OG FRÁ HVERJUM ER ÞAÐ?

Birgir Tryggvason hljómaður sendi mér. „Jökul um helgina?“ Sem þýðir hvort ég ætli að koma með sér á upp á jökul um helgina og svarið við því er að sjálfsgöðu já.



FINNST ÞÉR ÞETTA ALTER-EGÓ GRÍN FARIÐ AÐ VERA ÞREYTTANDI?

Nei ekki þannig. Ég sá aldrei þátt með Silvíu og því er ég ekki orðinn er þreyttur á þessu. En ég skal trúa því að þeir sem hafa fylgst með Silvíu frá upphafi séu orðnir þreyttir.

SEM YFIRMAÐUR, HEFURÐU LAMID STARFSMANN FYRIR AÐ LJÚGA SIG VEIKANN TIL AÐ SLEPPA VIÐ VINNU?

Já ég sló einhvern tíman á puttana á Heiðari Austmann.

SUPERMAN, HE-MAN EÐA BATMAN?

Shit hvað það er erfitt að gera upp á milli HE-Man og Superman. Fyrst það er að koma Superman mynd í sumar þá ætla ég að segja hann.

LETTERMAN EÐA LENO?

Letterman. Ég er kominn með leið á Leno. Letterman er svo skemmtilega kaldhæðinn.

SÆTASTI MAÐUR SEM ÞÚ ÞEKKIR?

Karlmaður? Mér finnst enginn karlmaður neitt svo sætur ef ég á að segja alveg eins og er.

BÚÐU TIL SPURNINGU FYRIR NÆSTA VIÐMÆLANDA!

Hvað er það fyrsta sem þú gerir þegar þú vaknar á morgnana?

LÉT ENGAN SEGJA SÉR FYRIR VERKUM



4 SONJA ER HETJA SVAVAR.

„Sonja Wendel Benjamínsson de Zorilla er hetjan mín,“ segir Svavar Pétur Eysteinnsson í Skakkamanage. „Ég kynntist henni í gegnum ævisögu hennar sem er kyngimagnað ævintýri stórkotlegrar heimskonu sem áttar sig ung á því að Ísland er pínulítið sker þar sem er ekkert stuð. Hún flýr út í heim og tekst á skjótvirkun og undraverðan hátt að sleikja upp helstu framámenn í athafna, lista og viðskiptalífni og auðgast þannig á tá og fingri. Sonja var kerling í krapinu sem lét ekki einu sinni frú Vigdís Finnbogadóttur segja sér fyrir verkum,“ segir Svavar sem sjálfur hefur notað loftbrú Icelandair þegar hann fær nóg af smæð Íslands.



HETJAN MÍN

SVAVAR PÉTUR EYSTEINSSON FÉLL FYRIR SONJU ZORILLU.

H&N-mynd Sirkusmynd - Heiða

SKEMMTILEGUSTU



1 KYNLÍF ALLS STAÐAR

Það voru þær Sara, Brynja og Andrea sem riðu á vaðið sem stelpurnar í sófanum. Þær ræddu meðal annars um slefandi karla og þá klámvæðingu sem á sér stað innan tónlistariðnaðarins. Þær sögðu klám vera alls staðar. „Þegar við vorum ungar þá var ekki svona mikið um kynlíf. Fólk er núna byrjað að riða miklu fyrir en hvað er málið með að það sé bara verið riða í rass, og þetta er allveg að gerast fyrir framan okkur,“ sögðu stúlkurnar alvarlegar í bragði.

2 Í TÍSKU AÐ VERA MEÐ LÍTL BRJÓST

Þær Anna Brá, Birna Sif, Svana Lovísa og Guðný skipuðu annan hópinn í sófanum. Þær komu með tísku uppljóstrun í samræðum sínum. Þegar þær voru spurðar út í lýtaaðgerðir svöruðu þær: „Það er ekki lengur svona mikið eins og var, í dag er í tísku að vera með lítil brjóst.“



5 Í TÍSKU AÐ FÁ SÉR BÓLFÉLAGA

Stelpurnar sem skipa Virginsgengið voru fimmti hópinn í sófanum. Þessar ungu stúlkur eru að stíga sín fyrstu skref í næturlífinu en vita þó sínu víti. Hanni Bach er að þeirra mati einn heitasti gæinn í dag og þær segja í tísku að vera með bólfélagi. „Það er í tísku núna að fá sér bólfélagi. Að hafa einhvern sem þú getur alltaf hringt í. Það er skárri að vera með bólfélagi sem þú getur hringt í, svo að þú sért ekkert að fara heim bara með einhverjum sem þú þekkir ekki eftir djammið.“



6 DJÖFULL ERTU MIKIÐ TYPPI

Steinunn, Þóra Hrund, Pattra, Sara Lind, Íris Rós og Margrét Ósk voru áttundi hópinn í sófanum. Þær sögðust ekki vilja hafa strákana of massaða og helst með skegg. Ein þeirra hafði mikið að segja um Óla Geir sem hafði verið sviptur titlinum Herra Ísland. „Hann er að gera svo asnalega hluti og er eitthvað svo glataður og ósmekklegur Herra Ísland. Hann á að vera elegant og og sjarmerandi.“



9 EINN DONALD TRUMP TAKKI!

Margrét Ýr, Berta, Matthildur, Hrund og Sandra voru níundi hópinn í sófann. Þær gáfu lítið fyrir flotta bíla og stráka sem monta sig af sterkum fjárhag. Þær sögðust aldrei mundu heimta einn Donald Trump. „Gaurar sem maður er að hitta í dag, eiga ekki að vera að eyða peningunum sínum í flotta bíla, frekar í nám eða eitthvað uppbyggilegra,“ sögðu stúlkurnar einlægur og lausar við allt sem kallast má grunnhyggja.

STELPUR Á ÍSLANDI



3

STÓR TYPPI ERU EKKI MÁLIÐ

Sunna Dís, Sólveig, Berglind Halla og Krista Hall skipuðu þriðja hópinn í sófanum. Þær komu með stóra fullyrðingu þegar þær sögðu of stór typpi ekki vera málið. „Svo eru það þessi vandræðilegu litlu typpi þar sem maður segir bara „æi“. En maður hleypur ekkert í burtu út af því.“ „EKKI nema að þú hafir sofið hjá einhverjum gaur sem var með rosalega stórt typpi, þá segir maður kannski æi hann var með alltof stórt typpi.“



4

STRÁKAR EIGA AÐ SNYRTA SIG

Þær Eyrún, Eva, Bryndís og Helga voru fjórði hópinn í sófanum. Þær leggja fram þá kröfu að karlmenn snyrti á sér miðsvæðið. „Þeir eiga samt bara að snyrta sig alveg eins og við,“ sögðu stúlkurnar ákveðnar. Þær veltu því einnig fyrir sér hvers vegna stelpur megi ekki sofa hjá þegar þær vilja án þess að eiga á hættu að vera kallaðar druslur. „Ég er orðin svo leið á að íslenskt kvenfólk sé stimplað lauslátt. Hvar eru karlmennirnir í þessari umræðu?“



6

HOTPANTS ERU MIKLU MEIRA KYNÆSANDI

Ólóf, Tara Dögg, Anna Björk, Tara og Selma Rut voru hressar en þær voru hópur númer sex í sófanum. Þær komu með fjölmargar gullnar tilvitnanir og uppljóstranir. „Ég veit samt um stráka sem finnst það mjög gott að fá puttann í rassinn,“ sagði ein stúlkanna. „Ég hef líka heyrt af-sökunina: „Ég ætla bara að vera á bíl í kvöld – þess vegna tek ég bara kókaín en drekk ekki.““ sagði önnur stúlkann. Þá komu þær einnig með þær tískuuppljóstrun að hotpants væru í tísku frekar en G-strengur.



7

HVAR ERU SMOKKASJÁLFSALARNIR?

Lára Guðrún, Áslaug, Inga Þóra og Auður skipuðu sjöunda hópinn í sófanum. Þær eru allar allar í kvikmyndafræði en kvikmyndir voru þó ekki ræddar í þetta skiptið. Stúlkurnar ræddu hnakkavæðinguna ógurlegu. „Hvaðan kom þessi hnakkasprenging. Allt í einu er allt hnakka þetta og hnakka hitt,“ sögðu stúlkurnar undrandi. „Ætli Gillzenegger og Brynja Björk séu ekki svar Íslands við Peter André og Jordan.“ Þá undruðust þær yfir því að hætt væri að brýna fyrir fólki að nota smokk.



10

SAMLOKUDANSINN BESTUR

Tíundi og síðasti hópinn í sófanum samanstóð af átta stúlkum úr lögfræðinni í HR. Þær ræddu margt. Allt frá klámvæðingu til samlokudansa. „Það lélega við klámmyndir er að sumir strákar fá ranghugmyndir og halda að stelpur geti „shaggað“ og fengið það á sama tíma,“ sagði ein stúlkann um klámmyndir. Þá ræddu þær einnig snyrtingar karlmanna og um rassahár höfðu þær þetta að segja: „Snyrta sig að neðan er algjört möst en að raka sig á milli rassakinnanna, ég kafa allavega ekki svo djúpt.“

NÚ HEFUR LIÐURINN STELPURNAR Í SÓFANUM RUNNIÐ SITT SKEIÐ. TÍU HÓPAR HAFA KOMIÐ Í SÓFANN HJÁ SIRKUS RVK OG RÆTT ÝMIS BRÝN MÁL-
EFNI OG LAGT LANDSMÖNNUM LÍFSREGLURNAR. SIRKUS RVK ÞAKKAR ÞESS-
UM STÚLKUM KÆRLEGA FYRIR SAMSTARFIÐ OG KOMUNA Í SÓFANN. ÞÆR
ERU ÞVÍ KVADDAR HÉR MEÐ SMÁ SAMANTEKT UM HVERN HÓP FYRIR SIG.

HEANAND SIRKUSMANNINN - E.Ó.L., HENNA, STEFJA, VALLI OG VILHJELM.

7

„HVÍTIR Á VIRKUM DÖGUM OG SÍÐAN SJÁUM VIÐ EKKI ÚT ÚR AUGUNUM UM HELGAR. ÞAÐ ERU MARGAR MÍLUR Á BAKVIÐ OKKUR SEM GERA ÞAÐ AÐ VERKUM AÐ VIÐ ERUM ÞEIR VERSTU Í ÞESSU.“

SVARTIR ALLAR HELGAR

HLJÓMSVEITIN GHOSTDIGITAL HEFUR NÚ SENT FRÁ SÉR SÍNA AÐRA BREIÐSKÍFU OG BER HÚN HEITIÐ IN COD WE TRUST. SÓLMUNDUR HÓLM HITTI ÞÁ FÉLAGA OG RÆDDI VIÐ ÞÁ UM RÓLEGHEITAÚTRÁSINA, NÝJU PLÖTUNA, EUROVISION OG SUKKIÐ SEM ÞEIR STUNDA UM HELGAR.

Curver Thoroddsen situr inni á Hamborgarabúllunni og heilsar virðulega. Hann er úða í sig einu tilboði aldarinnar plús kokteilsósu. Erindið er að ræða nýút-kominn disk hljómsveitarinnar Ghostdigital – In cod we trust sem er kominn út hérlendis en kemur út um allan heim þann 7. mars næstkomandi. Sveitina skipa Curver og Einar Örn Benediktsson, fyrrum Sykurmoli og söluhæsti karlsöngvari þjóðarinnar. Hann er ókominn. Curver tekur upp símann og hringir í Einar. „Hvar ertu? Nei, rólegur ég var bara að kanna hvar þú værir. Ok. Ég heyri í þér. Bless. Hann er að koma,“ segir Curver. Í sömu andrá kemur Einar Örn þeysandi inn á Búlluna og segir með glott á vör: „Hvaða æsingur er þetta?“ Bibbi svarar um hæl. „Hvað er þetta? Þú mátt ekki ofmetnast þó þú sért söluhæsti karlsöngvari þjóðarinnar,“ segir hann og allir hlæja. Ljósmyndari Sirkus kemur inn í sömu andrá og þá er mál að finna rétta staðinn fyrir forsiðumyndatökuna. Það er kalt en þetta hefst á endanum. Þeir kunna að sitja fyrir.

BYRJAÐI UPPFRÁ 101 REYKJAVÍK

Síðasta myndatakan fer fram fyrir utan Sægreifann og kemur Sægreifinn sjálfur í dyrnar og býður öllum að ganga í bæinn. Þar með er staðurinn fyrir viðtalsstundina fundinn. Einar pantar sér humarsúpu og þá er allt klárt.

Hvað segið þið strákar. Hvernig byrjaði þetta allt saman?

„Þetta byrjaði allt árið 2001. Einar söng inn á lag hjá Mínus og uppfra því gerði ég eitthvað remix sem var í 101 Reykjavík, lög sem Einar og Damon (Albarn)höfðu verið að gera. Einar fílaði noise technoð sem ég var að gera og ég röddina hans. Þannig leiddust hestarnir saman. Svo kom Einar í heimsókn og spurði hvort við ættum ekki að gera eitthvað project saman,“ segir Curver og Einar tekur upp þráðinn. „Svo tók það okkur nokkra mánuði að hittast aftur,“ segir hann en blessunarlega náðu þeir að mæla sér mót á endanum.

ANDVÖKUNÆTUR AÐ BAKI

Curver segir að þeir félagar hafi þurft tíma til að læra hvor á annan. Hann vissi ekki hvað Einar vildi fara langt með hið svokallaða hávaða beat. Það kom hins vegar á daginn að Einar vildi fara með það alla leið og var ávallt að biðja um meira. Nú er hins vegar önnur plata Ghostdigital orðin að veruleika eftir talsverða vinnu og viðveru.

„Það eru ansi margir klukkutímar á bakvið hana,“ segir Curver. „Frá fyrsta vísi að þessari plötu eru liðnir átján mánuðir. Við vorum kannski ár eða eitthvað svoleiðis með þessa fyrstu. En um átján mánuði með þessa. Við höfum unnið í þessu jafnt og þétt undanfarna sex mánuði. Það má því segja að það liggja margar andvökunætur að baki,“ segir Curver en þá grípur kollegi hans inn í: „Nei nei, ég svaf mjög vel,“ segir hann og bætir við: „Við

vinnum kannski ekki mikið í einu, en það sem er eftir í minningunni eru ansi margar andvökunætur.“

ENDURSKILGREINA POPPIÐ

Þegar Curver og Einar hófu að vinna í plötunni voru þeir með um 70 grunna að lögum en þeim fækkaði smátt og smátt þar til þeir stóðu uppi með ellefu lög tilbúin á plötuna.

Er þetta noise teknó?

„Það er miklu minna noise á þessari plötu en síðustu. Hún er aðgengilegri en um leið skrítnari,“ segir Curver. Einar er sammála því að fleiri ættu að geta hlustað á þessa plötu en þá fyrri. „Þetta er popplata frá okkur, lítur miklu frekar lögmafum poppsins. Við erum að endurskilgreina poppið,“ segir Einar.

„VÁ ÞIÐ ERUÐ BARA AÐ GEFA ÚT ALLS STAÐAR.“

Nú er platan að koma út í Bandaríkjunum, Bretlandi og Frakklandi ekki satt?

„Hún kemur bara út um allan heim. Maður tiltekur þessa aðalmarkaði svo fólk geti sagt: „Vá, þið eruð bara að gefa út alls staðar,“ segir Einar og bætir við. „Það er bara verið að gefa hana út alls staðar. Við sjáum síðan bara hvað verður. Það er orðið eðli þess að gefa út tónlist að maður leggur ekki í tónleikaferð þá og þegar. Okkar tónlist er líka þannig að hún þarf að vera lengur í hillunum áður en fólk tekur við sér. Við vitum alveg af því.“



EINAR ÖRN OG CURVER ERU GHOSTDIGITAL.

„HÚN KEMUR BARA ÚT UM ALLAN HEIM. MAÐUR TILTEKUR ÞESSA AÐALMARKAÐI SVO FÓLK GETI SAGT: „VÁ ÞIÐ ERUÐ BARA AÐ GEFA ÚT ALLS STAÐAR.““

SIRKUSMYND – HEIÐA

Síðasta plata sveitarinnar kom ekki út um allan heim. Hún átti að fara annað en gerði það ekki. Hún var gefin út í Bretlandi meðal annars. „Við vorum að láta EMI gefa plötuna út en þeir treystu sér ekki til þess. Í dag vilja þeir allir fá að vinna með okkur. Ástæðan fyrir því er sú að það sem við vorum að gera þá var bæði frumlegt og nýstárlegt og það sem við erum að gera núna er bæði frumlegt og nýstárlegt. En út af því að við erum búnir að leyfa fólki að heyra hvað við erum að gera þá þora þessi fyrirtæki að taka sénsinn á þessu, um leið og við setjum eitt-hvað fram getum við unnið út frá því,“ segir Einar sem hefur marga fjöruna sopið í útgáfumálum og veit sínu viti.

DREYMR EUROVISION

Einar heldur áfram að útskýra hvaða áhrif það hefur að fólk fái að kynna þeim hljóðheimi sem Ghostdigital er að vinna með. „Hljóðheimur kanaútvarpsins er ótrúlegur og framandi. Ég var að vinna á póstinum þegar ég var níttján ára og þar gat maður bara hlustað á Am rásirnar í Ford Eonline-inum sem ég var að vinna á. Nú þegar ég hlusta á Kanann þá dett ég í eitthvað sem ég hef heyrt áður og kannast við þetta, þetta er mjög framandi. Það er eins með tónlistina plötuna okkar. Þegar fólk heyrir plötu númer tvö þá finnst því þetta ekkert mjög framandi því það heldur að það hafi heyrt þetta áður. Þannig er nú bara eðli dægurtónlistar í dag – þetta er alltaf sama vísan

sem er verið að kveða. Það er galdurinn við Eurovision að segja sömu vísuna aftur á nýjan hátt þannig að fólk haldi að það hafi heyrt þetta áður. Ég vakna upp með andfælum á hverri nóttu og syng Til hamingju Ísland,“ segir Einar af mikilli ákefð.

SÖLUHÆSTI SÖNGVARI ÞJÓÐARINNAR

Curver segir gaman að vinna með rödd Einars. „Hún er mjög fjölbreytt. Reyndar í sumum söngtökum sem eru yfirleitt bara ein taka. Þá breytir Einar svo oft um karakter að það er stundum eins og þetta komi klippt út úr hausnum á honum,“ segir Curver og hlær sínum smitandi og stórskemmtilega hlátri. Curver er þó ekki sá eini sem kann að meta söng Einars Arnar því hann er söluhæsti karlsöngvari þjóðarinnar.

Hvernig kanntu við það? Vissirðu alveg af þessu?

„Maður hugsar ekkert um svona lagað. Þá er líka hægt að segja að Bragi Ólafsson sé söluhæsti karlbassaleikarinn. Og er þá Þór Eldon ekki söluhæsti karlgítarleikarinn?,“ segir Einar og gerir lítið úr þessum titli sem hann ber.

ÁDEILA Á FÖKKING HAGSMUNAPOT

Titill plötunnar – In cod we trust – hlýtur að eiga sér einhverjar eðlilegar skýringar en fyrir þá sem ekki vita þá þýðir það – Við stólum á þorskind. Titillinn er setning úr laginu Not clean sem er annað lag plötunnar. „Þetta er

vísun í trú, pólitík og ástandið í heiminum í dag. Það er bara þannig að lagið er um tvo menn sem hittast á fundi og eiga að geta leyst heimsins vandamál. Þeir ræða í staðinn uppruna þorskind. Í staðinn fyrir að tækla: „Mr. President – hvað segirðu um að hætta við stríðið í Írak?“ Pólitísk ádeila á hvað stjórnmaðlamenn eru yfirleitt farlama í öllu öðru en sínu eigin fökking hagsmunapoti,“ segir Einar með skemmtilegri Ö- áherslu í enska orðinu *fucking*. „Þetta snýst um hvað stjórnmaðlamenn geta verið miklir aular. Ég var að lesa frétt um Bush sem var yfirlentur í Afganistan. Og eftir að hann var búinn að vera þar í tvo tíma þá var hann voða ánægður með hvað lýðræðið er búð að skjóta rótum þar. Ok. Hvernig getur hann séð það karlinn? Hann er kannski svona bráðgáfaður,“ segir Einar ákveðinn en fáránlega yfirvegaður.

SVARTIR ALLAR HELGAR


Þá er komið að því að kveðja þá félagi en það er ekki hægt að hitta hljómsveitarmedlimi án þess að kasta spurningunni fram: Er mikið sukk á ykkur?

„Við erum svartir allar helgar,“ segir Einar. „Hvítir á virkum dögum og síðan sjáum við ekki út úr augunum um helgar. Það eru margar mílur á bakvið okkur sem gera það að verkum að við erum þeir verstu í þessu. Við kunnum að velja okkur vettvanginn,“ segir hann og þá er það búð.

Sólmundur Hólm

9

MUNASKRÁ OG EBITA ERU HEITIN Á SÝNINGUM HULDU HÁKONAR SEM VERÐA OPNAÐAR MEÐ KLUKKUTÍMA MILLIBILI Í DAG, FÖSTUDAGINN 3.MARS. FYRRI SÝNINGIN ER MUNASKRÁ OG ER HALDIN Í BANANANAS EN HIN SÍÐARI EBITA ER SÝND Í 101 GALLERÍ. SÝNINGARNAR ERU MEÐ ÓLÍKU SNIÐI OG ÞVÍ FORVITNILEGT AÐ SJÁ HVAÐ HULDA HÁKON HEFUR VERIÐ AÐ BAUKA.



EBITA

ÚTLAGINN

ÍSLENDINGUR ÚTI Í HEIMI



SIGRÍÐUR Í LITLU GÖTUNNI SINNI.

HVAÐ HEITIRDU?

Sigríður Tryggvadóttir

HVAR ERTU?

Hondúras, bý úti í sveit en kem til höfuðborgarinnar Tegucigalpa um hverja helgi.

HVAÐ ERTU AÐ GERA?

Ég er sjálfboðaliði með samtökum sem heita AUS, Alþjóðleg ungmennaskipti. Ég vinn á einskona sveitabæ þar sem gamalt fólk býr. Þetta er verkefni sem hollensk kona stofnaði 1997 og heitir Wil Sue-os. Gamalt fólk sem á engan að getur komið hingað og fengið frítt fæði, húsnæði og fót.

HEIMILISADSTÆÐUR?

Ég bý með sænskri stelpu sem heitir Johanna. Búum tvær í risastóru húsi sem skiptist í matsölu stað og íbúðina okkar.

DAGUR Í LÍFI ÞÍNU?

Vakna klukkan sjö, byrja að vinna klukkan átta. Þar sem „Hondúrassar“ eru ekki alveg jafn vinnusamir og við Norðurlandabúar þá höfum við fullt af pásam. Við erum í vinnunni frá átta til fögur en vinnum kannski að meðaltali fjóra til fimm tíma. Ég bý úti í sveit svo það er ekki mikið um að vera. Þannig að eftir vinnu er gripið í bók, farið í göngutúra, spilað eða horft á imbann.

KOSTIR ÞESS AÐ BÚA Í HONDURAS?

Ekkert stress, hérna er enginn að flýta sér og allt í lagi þó hlutirnir gerist ekki fyrr en á morgun. Veðrið yfirleitt rosagott en reyndar er farið að verða of heitt. Fólk er yndislegt, gestrisið og vill allt fyrir mann gera.

ÓKOSTIR ÞESS AÐ BÚA Í HONDURAS?

Glæpatíðnin hér er mjög há. Flestir sjálfboðaliðarnir hérna hafa verið rændir. Get ekki farið ein út eftir klukkan sjö á kvöldin og við þurfum að taka taxa hvert sem við förum, þó það sé mjög stutt vegalengd.

HVERS SAKNARÐU AÐ HEIMAN?

Að geta skroppið á kaffihús eða í bíó í miðri viku. Svo sakna ég líka íslenska matarins.

UPPÁHALDSSTAÐUR Í HONDURAS?

Hverfi í Tegucigalpa sem heitir La Kennedy. Ég bjó þar fyrsta mánuðinn minn hér í Honduras og er þar þegar eg kem um helgar til borgarinnar. Kennedy er í uppáhaldi hjá mér af því að þar er svo skemmtilegt götullf, göturnar eru fullar af mörkuðum þar sem er seldur matur og ávextir. Einnig er þetta hverfi ekki ríkt þannig að maður kynnist frekar hondúrisku lífi.

ÍSLENDINGAR ERU ...

í stærsta lífsgæðakapplaupi í heimi.

HONDÚRASBÚAR ERU...

tranquilo (rólegir).

EIN MANNESKJA SEM ÞÚ BIÐUR AÐ HEILSA:

Flóka Hrafní systursyni mínum.



SIGGA ÁSAMT AUSTRÍSKRI VINKONU SINNI OG BRESKUM FÉLAGA.

FÁLKAORÐAN OG MIKKI MÚS

„Önnur sýningin er í Bananas og hin í 101 Gallerí,“ segir Hulda Hákon listakona sem opnar tvær listasýningar um helgina Önnur ber heitið Munaskrá en hin heitir Ebita.

OPINBER GÖGN

„Ég held að það sé ekki algengt að það sé gerð munaskrá eftir látinn einstakling,“ segir Hulda en sýningin Munaskrá samanstendur af munum sem voru í eigu Jóhannesar Kjarval. „Ég veit ekki hvort ég mundi kæra mig um að farið væri á vinnustofuna og tekið hvert einasta snífi sem ég er búin að víða að mér í gegnum tíðina. Ég las þessa munaskrá fyrir nokkrum árum og fannst þetta mjög falleg lesning,“ segir Hulda Hákon. Á sýningunni ægir saman kössum sem hafa að geyma ýmsa persónulega hluti, þar er til dæmis Fálkaorðan og annar kassi með mynd af Mikka mús.

FANNST ÞETTA FALLEGT ORÐ

Ebita er hugtak sem þýðir raunvirði, hvers vegna listakonan ákvað þetta orð er erfitt að átta sig á. „Ég fylgist oft með viðskiptafréttum, þó ég hafi ekki hundsvit á viðskiptum en ég hef tekið eftir því að forsvarsmenn fyrirtækja nota þetta orð til að lýsa rekstrinum og mér finnst það fallegt. Ebita er hægt að heimfæra á margt annað en viðskiptalífið. Þegar það er búið að strippa okkur af öllu, hvað erum við þá?“ spyr Hulda Hákon og vekur þar með upp ýmsar spurningar.

EBITA HULDU ER MAKINDARLEG

Á sýningunni fer ekki fram hjá neinum Ebita sem liggur berskjöldur á gólfinu. „Hún er makindarleg, liggur hjá ýmsum hlutum á gólfinu, hún er döldið sæt en samt smá ljót, viðkunnaleg en samt óviðkunnaleg. Þetta er frekar dýr en getur líka verið einhvers konar manneskja. Þetta er kannski eitthvað tengt því að ég hef unnið með skrímsli áður, þannig að þetta er aðeins tengt inn í þann myndheim,“ segir Hulda Hákon um verkið.

STEYPT Í KÍNA

Hulda var í Kína í fyrra, hún var að vinna að verki og



HULDA HÁKON OPNAR TVÆR SÝNINGAR Í DAG

sýndi svo í framhaldi af því. Að sjálfsgöðu vakti það forvitni og þörf var á að ræða þessa ferð hennar. „Ég er að fara þangað aftur vegna þess að ég er að vinna að útilistaverki sem er verið að fara að sýna eftir mig í Finnlandi. Við erum ekki með svona málmsteypur hérna á Íslandi sem geta tekið svona fíngerða listaverkasteypu, þannig að ég get ekki með góðu móti unnið þetta hérna heima. Ég hef unnið með þessum mönnum áður þarna í Kína og þekki til staðhátta“, segir Hulda Hákon aðspurð um Kínaferðina og Finnland..

SEJ

MÚSÍKALSKIR MIÐVIKUDAGAR VERÐUR AÐ VERA „AKTIVATET“

„Alright, þessi kvöld hafa verið haldin núna kannski í svona þrjá mánuði og eru alltaf á miðvikudagskvöldum“ segir Siggí frændi sem sér um miðvikudagskvöldin á Sirkus. „Miðvikudagar urðu fyrir valinu af því að það eru svo skemmtilegir dagar. Af hverju ekki, það verður að hafa eitthvað að gera í miðri viku á annars hálf dauðum dögum, það eru tónleikar, djmennska og allskonar, bara að það sé smá „aktivet“. Þetta er bara spurning um að skapa smá stemmingu“, segir Siggí frændi sem er nú í þessu að gera allt



klárt fyrir næstu tónleika. „Það hafa ýmsar hljómsveitir og plötusnúðar verið og má þar nefna Jakobínarína, Chuck hefur þeytt skífum, Somtime, Síber og Skakkemanage hafa leikið fyrir áhorfendur. En núna þennan mánuðinn verður Hudsonvane, dj Curver Toroddsen og Logn, og núna miðvikudaginn 8. mars er Shoe gaze kvöld. Shoe gaze kvöld þýðir að einar sonic og chuk eru að spila, þetta er tónlistastefna sem tengist skóglápi“ segir Siggí frændi sem sér um þessi frábæru kvöld sem snúast um að hressa aðeins upp á miðvikudagskvöldin.

Við erum klár



fyrir þig/ykkur



Margir frábærir réttir á matseðlinum hjá okkur

...við bjóðum upp á frábæra aðstöðu til að halda afmæli, einka-, starfsmanna- og steggjapartý eða hvað sem þér dettur í hug...

keila pool
leiktæki
diskókeila
karokee
golfhermir
beinar útsendingar
hádegismatur
kvöldmatur

gæsaþartý
einkasamkvæmi
barnaafmæli
fyrirtækjapartý
steggjapartý
skólahópar


KEILUHÖLLIN
HEILL HEIMUR AF SKEMMTUN

**Sport
ROCK**



HVERNIG?

TÝPA Á HEIMA HÉR

SIRKUS RVK KÍKIR Í HEIMSÓKN

SIRKUS RVK STOPPAR EKKI VIÐ AÐ FINNA FLOTT FÓLK OG FLOTTAR ÍBÚÐIR. Í ÞETTA SINN RÉÐUMST VIÐ INN TIL ELLÝJAR ÁRMANNSS, ÞULU OG SPÁKONU, SEM BÝR Í KÓPAVOGI ÁSAMT TVEIMUR SONUM SÍNUM. ÞAÐ VAR SVO ENGINN ANNAR EN SÖNGVARINN UNGI, HELGI ÞÓR, SEM RÝNDI Í MYNDIRNAR AF ÍBÚÐ ELLÝJAR OG REYNDI AÐ ÁTTA SIG Á ÞVÍ HVERNIG TÝPA BÝR ÞAR.

STOFAN

Hér sér maður börnin aftur, þau eru hreykin af börnunum sínum. Hér er allt frekar mikið í stíl við eldhúsið. Það gæti verið opið á milli eldhúss og stofu eins og er svo mikið í tísku núna, en það sést ekki nógu vel á myndinni. Það er reynt að halda lúkkinu á milli þessara tveggja rýma. Hér er líka allt stílhreint og enn og aftur allt frekar nýtt og bendir til að einstaklingurinn sé að endurgera eða nýfluttur og hefur skipt út öllu gömlu.



ÞETTA SAGDI HELGI ÞÓR

„Ég hef búið þarna í fjögur ár með strákana mína tvo,“ segir Ellý Ármannsdóttir, þula og spákona, en hún er með vefinn www.spamadur.is. Ellý er búsett í Kópavoginum. „Baðið er ekki tilbúið, það er í Veggfóðri hjá Völu Matt núna og það er ekki alveg búið að klára þetta.“ Ellý segist ekki vera búin að móta sér neinn ákveðinn stíl eftir að hún skildi á sínum tíma. „Þetta hefur bara verið „off white“ stíll hjá mér, ég hef ekki gert upp hug minn, fór bara út í hlutlaus stílinn. Ég var eitthvað svo blönk þegar ég keypti. Þetta var á því tímabili sem ég stofnaði spámaður.is og þá bara átti ég engan peninga og hef ekki ennþá fundið út úr þessu,“ segir Ellý létt í bragði. „En hverfið valdi ég af því að Fossvogsdalurinn er herna fyrir neðan og svo eru strákarnir mínir í Snælandsskóla. En líka af því ég er svo andlega sinnuð þá fann ég strax að það er ofsalega góður andi í þessari íbúð og ég vissi að okkur mundi líða vel,“ segir þulan þokkafulla.

ELDHÚSIÐ

Það er allt nýtt og mjög stílhreint í þessari íbúð. Þetta er smekklegt fólk, þar með tvö börn, að ég tel. Ég held að börnin séu eldri en ég sagði áðan. Þau eru greinilega um 4-6 ára en ekki eitt nýtt og annað um tveggja ára. En það er allt mjög í stíl og eftir nýjustu straumum, það er allt líka nýtt og því mundi ég telja að þau væru nýflutt í þetta húsnæði og hafa tekið íbúðina alveg í gegn. Manneskjan er allavega snyrtileg af þessum myndum að dæma og það er það mikið lagt í allt að ég mundi halda að um miklar matmanneskjur væri að ræða hér á bæ.



BOLLI OG SPIL

Þetta er nú eitthvað undarlegt. Er hér um seiðkarl að ræða, eða hvað? Tarotspil, einhver sem spáir fyrir eða hefur gaman að því að fitla við slíkt. Man ekki nein nöfn akkurat núna, en maneskjan sem býr hér getur lesið í tarot og jafnvel í bolla, ef það er vísbendingin.



BADHERBERGIÐ

Ég mundi halda að hér byggi þar um þrjúgt, jafnvel með eitt ungabarn og annað kannski um 2 ára. Þau eru nýflutt inn þar sem það er ekki allt tilbúið inni á baðinu. Hún er jafnvel ólétt af öðru barni og þau hafa ákveðið að stækka við sig, hver veit?

LOKANIDURSTAÐA

Hér sér maður börnin aftur, þau eru hreykin af börnunum sínum. Hér er allt frekar mikið í stíl við eldhúsið. Það gæti verið opið á milli eldhúss og stofu eins og er svo mikið í tísku núna, en það sést ekki nógu vel á myndinni. Það er reynt að halda lúkkinu á milli þessara tveggja rýma. Hér er líka allt stílhreint og enn og aftur allt frekar nýtt og bendir til að einstaklingurinn sé að endurgera eða nýfluttur og hefur skipt út öllu gömlu

Big Bacon Barbeque



BBB
BigBaconBarbeque



i'm lovin' it



SPURNINGAKEPPNI RAUÐHÆRÐRA



BRYNJA ÞORGEIRSDÓTTIR FRÉTTAKONA

BRYNJA HÉR

Talhólf Brynju Þorgeirsdóttur er svohljóðandi:

„Brynja hér. Endilega skildu eftir skila-boð.“

Þessi talhólfskveðja er vissulega stutt og laggóð. Brynja er hlýleg í viðmóti en ákveðin um leið. Hún biður viðkomandi endilega um að hringja aftur og það er alltaf freistandi. Hún er líka með fallega rödd sem allir þekkja.

★★★★☆

TALHÓLF FRAGA ÓLKSINS...

HÁLFDÁN VS DR. GUNNI

SPURNINGAKEPPNI RAUÐHÆRÐRA ER LOKS HAFIN. ÁTTA KEPPENDUR HAFA HLOTIÐ KEPPNISRÉTT OG ÞEIR SEM RÍÐA Á VAÐIÐ Í 8-MANNA ÚRLSITUM ERU ÞEIR HÁLFDÁN MÖRÐUR, RAUÐHÆRÐASTI MAÐUR ÍSLAND ÁRIÐ 2005, OG DR.GUNNI, SEM ER MAÐUR MARGRA TITLA EN LÍKLEGA ÞEKKTASTUR SEM TÓNLISTARMAÐUR OG SJÓNVARPSMAÐUR.



1. HVAÐ STARFAÐI PABBI HENNAR LÍNU LANGSOKKS?

Hálfán: Sjóræningi.

Dr.Gunni: Hann var sjóræningi.

2. HVER LEIKUR ABALKVENHLUTVERKIÐ Í KVÍKMYNDINI BLÓÐBÖND?

Hálfán: Hef ekki hugmynd.

Dr.Gunni: Margrét Vilhjámsdóttir.

3. HVAÐ VAR BJARNI FEL KALLAÐUR HÉR Í GAMLA DAGA? A) KÓNGURINN, B) BADDI TJÚTT, C) RAUÐA LJÓNID EÐA D) BJARNI BACON?

Hálfán: Rauða ljónið.

Dr.Gunni: Rauða ljónið.

4. HVAÐ ÁR ER ÁSGEIR KOLBEINSSON FÆDDUR? A) 1971, B) 1973, C) 1975, EÐA D) 1978?

Hálfán: Alveg sama.

Dr.Gunni: Segjum 1973.

5. HVER LEIKUR RAUÐHÆRÐU KONUNA Í ÞÁTTUNUM DESPERATE HOUSEWIVES?

Hálfán: Hef ekki hugmynd.

Dr.Gunni: Ég veit það bara ekki.

6. FYRIR HÖND HVAÐA LANDA HEFUR EIRÍKUR HAUSSON TEKIÐ ÞÁTT Í EUROVISION?

Hálfán: Ísland og Noreg.

Dr.Gunni: Ísland og Noreg.

7. MEÐ HVAÐA LIÐI LEIKUR PAUL SCHOLES? A) MANCHESTER UNITED, B) CHELSEA, C) JUVENTUS EÐA D) REAL MADRID

Hálfán: Chelsea

Dr.Gunni: Manchester United.

8. HVER ER NÚVERANDI SKÓLAMEISTARI MENNTASKÓLANS Á ÍSAFIRÐI?

Hálfán: Ég veit það ekki.

Dr.Gunni: Ólína Þorvarðardóttir.

9. HVAR ER SIGMAR VILHJÁLMSON IDOL-STJÓRNANDI FÆDDUR OG UPPALINN?

Hálfán: Ísafirði.

Dr.Gunni: Egilsstöðum

10. HVAÐ HEITIR FORMAÐUR VINSTRI GRÆNNA?

Hálfán: Steingrímur J. Sigfússon.

Dr.Gunni: Steingrímur J. Sigfússon.



JOSÉ GONZÁLEZ KEMUR AFTUR

Færri komust að en vildu þegar José González tróð upp á Iceland Airwaves tónlistarhátíðinni í október. Af því tilefni verða haldnir aðrir tónleikar á NASA við Austurvöll 13. mars. Frægðarsól þessa argentínska tónlistarmans frá Gautaborg hefur risið enn hærra á alþjóðavettvangi og breiðskífan hans margrómaða Vener hefur haldið áfram að fá góða dóma um allan heim. Í kjölfar útgáfu hennar í Bandaríkjunum hafa lögin Crosses og Stay in the Shade vakið mikla athygli þarlendis og meðal annars verið notuð í sjónvarpsþáttunum CSI og O.C. Miðsalan hófst á miðvikudag og er í fullum gangi í verslunum Skífunnar og á Midi.is

SVÖR:

1. Sjóræningi 2. Margrét Vilhjámsdóttir 3. Rauða ljónið 4. 1975 5. Marcia Cross 6. Ísland og Noreg 7. Manchester United 8. Ólína Þorvarðardóttir 9. Egilsstöðum 10. Steingrímur Sigfússon



Dr. Gunninn er sá fyrsti til að bóka farseðilinn í undanúrslitin. Hann sigraði Hálfán Mörð með átta stigum gegn fjórum.

HEIMASÍÐA VIKUNNAR

ALLT UM NÚSNARA HENNAR HÁTIGNAR

Heimasíða vikunnar að þessu sinni er www.mi6.co.uk Á síðunni er hægt að fylgjast með tókum á nýjustu myndinni um nýsnarann James Bond, Casino Royale. Á síðunni eru ótrúlegar upplýsingar um nýju myndina, leikara og allan þakann. Þegar blaðamaður skoðaði síðuna rétt áður en blaðið fór í prentun var nýjasta fréttin sú að tvær konur hefðu gengið inn á Daniel Craig, nýja Bondinn, þar sem hann stóð nakinn í hjólhýsi sínu. Eftir fór þeirra í hjólhýsið hefur hinn nýi Bond ekki verið kallaður neitt annað en Big Willie eða stóri jónsson. Stórskemmtileg síða sem enginn Bond-áðandi ætti að láta fram hjá sér fara.



NÝJI BONDINN! DANIEL CRAIG ER ÖÐRUVÍSI EN ÞEIR SEM HAFA FARIÐ MEÐ HLUTVERK BOND HINGAÐ TIL



SÍÐAN! MI6.CO.UK ER UPPHAFSSÍÐA DYGGRA BOND-ÁÐANDA.

14

SIRKUSTVÍFARAR




ÞORVALDUR BJARNI ÞORVALDSSON



KRISTJÁN B. JÓNASSON

Tvífarar vikunnar að þessu sinni eru þeir Kristján B. Jónasson, þróunarstjóri Eddu miðlunar og Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson tónlistarmaður. Báðir eru þessir menn að grúska í listum að einhverju leyti; Kristján leiðbeinir rithöfundum um hvernig eigi að selja góðar bækur meðan Þorvaldur sökkvir sér í tónlistina. Það sem er þó hvað líkast með þeim félögum er hárgreiðslan – eða skorturinn henni.



THE Frumsýnd 3. mars

PINK PANTHER

SMÁRA BÍÓ

Þróun

SELFOS BÍÓ

KRINGLUNNI SAMBÍÓ

Pink Panther demanturinn er horfinn og heimsins frægasta rannsóknarlögregla gerir allt til þess að klúðra málinu

SMS LEIKUR

9. HVER VINNUR

Sendu SMS skeytið

JA SPP á númerið 1900 og þú gætir unnið miða fyrir tvo.

Vinningar eru:

Bíómiðar fyrir 2, DVD myndir, Tölvuleikir, Varningur tengdur myndinni, Myndavélar og margt fleira



Vinningar verða afhentir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið.



HVERNIG ÞEKKIR MAÐUR

STERAHAUSAR ERU MARGIR HVERJIR Í VAXTAR-
RÆKT. SIRKUS RVK TEKUR ÞÓ EKKI SVO DJÚPT Í
ÁRINI AÐ HALDA ÞVÍ
FRAM AÐ ÞESSIR ÁGÆTU
HERRAMENN SÉU Á
STERUM. SLÍKT VÆRI
DÓNASKAPUR.

STERAHAUSINN?

„JÁ, ÉG ER Á STERUM. ÉG NEGLI HELST Í MIG Á SUNNUDÖGUM OG MIÐVIKUDÖGUM EN ANNARS FER ÞAÐ BARA EFTIR ÞVÍ Í HVERNIG SKAPI ÉG ER,“
SEGIR VÆNTALEGA ENGINN. STERANOTKUN ER VINSÆL MEÐAL UNGRA MANNA EN VITASKULD VILJA FÁIR VIÐURKENNA AÐ ÞEIR NOTI VEFAUK-
ANDI LYF EINS OG STERAR KALLAST Á LÆKNIS- OG STERAMÁLI. MEÐAL STERHAUSA KALLAST STERANOTKUN „AÐ KEYRA“. SIRKUS RVK TÓK SAM-
AN SEX ATRIÐI SEM HJÁLPA ÞÉR VIÐ AÐ ÞEKKJA STERHAUSINN Í FJÖLSKYLDUNNI EÐA VINAHÓPNUM.



A Sterahaussnum er alltaf heitt og vill hafa alla
glugga opna þar sem hann er. Sterahaussnum líð-
ur líklega hvergi verr en í bíó og er yfirleitt eini
bíógesturinn sem fær sér grænan Lurk-frostp-
inna bæði fyrir mynd og í hléi. Sterahaussinn sér
til þess að vífta sé alls staðar þar sem hann fer.




C Hárvöxtur sterahaussins nær hámarki við stera-
keyrslu. Ótrúlegustu taðskegglingum fer að vaxa
skegg og einnig hár á stöðum sem hann vissi ekki
einu sinni að væru til. Eftir að hafa notað Gillette
Mach 3 við að grisja loðna staði gefst sterahaussinn
upp og fer í vax með reglulegu millibili.



E Sterahaussinn er ör í skapi og sérstaklega á meðan á
keyrslu stendur. Hann á það til að verða brjáláður
við minnsta tilefni. Gættu þess að ef sterahauss
biður þig um að koma með kók að koma þá með kók.
Ef þú mætir með kók light eða jafnvel pepsi máttu
eiga von á því að sterahaussinn bregðist illa við og
skalli þig harkalega. Undir áhrifum áfengis er stera-
hausinn tífandi tímasprengja.



B Sterahaussinn er alltaf í ljósum. Fljótlega þegar
keyrsla hefst (sterahaussar kalla tímann sem
þeir negla í sig keyrslu) fer hann að fá mikið af
graftarbólum um allan líkama. Bakið verður oft
sérstaklega illa úti og liturinn á bólunum er oft-
ast hvítur en getur orðið gulur og jafnvel græn-
litaður. Til að fækka bólunum grípur sterahauss-
inn til þess ráðs að fara í ljós og stundar þá iðju
grímt, því í ljósabekknunum er sterahaussinn að
þurrka húðina og bólunum fækkar.



D Eftir töluverða keyrslu fer sterahaussinn að líta út
eins og spjallþáttastjórnandinn geðþekki Jay Leno.
Þ.e.a.s. kinnbeinin fara að stækka óhóflega. Þó fara
kinnbeinin helst að stækka ef sterahaussinn hefur
neyslu á svokölluðum HGH-sterum. Það eru hálf-
gerðir Hollywood sterar – nánast eingöngu ríka lið-
ið hefur efni á HGH-sterum.



F Sterahaussinn lítur á alla þá sem einnig eru í
neyslu sem vini sína. Sterahaussar er öflugur
hópur manna sem stendur þétt saman.

UNITED STÓRSIGUR Í FINALUNNI



CRISTIANO RON-
ALDO ØKTI TIL 3-0
OG MÓTSTØULIÐIÐ
WIGAN MÁTTI TAKA
TIL TAKKAR VIÐ EIN-
UM 4-0 TAPI Á
MILLENNIUM STADI-
UM Í CARDIFF.

16 FÆREYSKA FRÉTTIN

Manchester United vann í dag Carling
Cup finaluna í stórum stíli. Mótstøðuliðið
Wigan mátti taka til takkar við einum 4-0
tapi á Millennium Stadium í Cardiff

Það mundi koma ógvuliga væl við hjá
Sir Alex Ferguson, tá menn hansara
seinnapartin tryggjaðu felagnum enn eitt
steyp. Ferguson hevði undan dystinum
sagt, at um hann ekki megnaði at föra í
öllum förum eitt steyp til Old Trafford í ár,
var framtíð hansara sum venjari felagsins í
vanda.

Og dreingir Fergusons gjördu eftir boð-
um meistarans. At kalla eingin slingur var
í valsinum, tá United-liðið vann heili 4-0 á
uppflytarunum úr Wigan.

Wayne Rooney legði United framum
eftir ein hálvan tíma. Hann fekk bóltin
heldur heppið við sær, tá tveir verjuleikar-
ar fóru eftir bóltinum, og hann sendi
framvið málverjanum til 1-0, sum eisni
var stöðin í steðginum.

Beint eftir steðgin hevði Wigan eina
góða roynd, tá Henri Camara gjördist leys-
ur úr spískum, men Van der Sar bjargaði.
Eftir hetta setti United seg á dystin og við
trimum málum innanfyri seks minuttir
avgjördu teir reyðu úr Manchester dystin.

Fyrst skoraði Louis Saha til 2-0, síðani
økti Christiano Ronaldo til 3-0 og at enda
sló Wayne Rooney sigurin fastan við mál-
inum til 4-0.



JÚLLI FRÍMANN LÚÐVÍKSSON MÁLARI FÓR MEÐ HLUTVERK JÚLLA HÚSVARÐAR Í NÝJU LÍFI



VÍGLUNDUR VERKSTJÓRI! RUNÓLFUR DAGBJARTSSON HEFUR EKKI BREYST NEITT ÞÓ NÚ SÉU 23 ÁR FRÁ ÞVI MYNDIN VAR FRUMSÝND

SIRKUS RVK HAFÐI SAMBAND VIÐ ÞRÍJA UPPÁHALDSLEIKARA SÍNA Í KVIKMYNDINI NÝJU LÍFI, ÞÁ HLYN ÓLAFSSON (ALLI BALLGESTUR SEM SPJALLAR VIÐ ÞÓR ÓLAFSSON OG LÆTUR HANN LJÚGA AÐ SÉR AÐ HANN SÉ FRÆNDI RONALD REAGANS), RUNÓLFUR DAGBJARTSSON (VÍGLUNDUR VERKSTJÓRI) OG FRÍMANN LÚÐVÍKSSON (JÚLLI HÚSVÖRÐUR). ÞRÁINN BERTELSSON LEIKSTÝRÐI OG SKRIFAÐI HANDRITIÐ ÁRIÐ 1983. Í LJÓS KOM AÐ ENGINN ÞEIRRA LEIKUR ENN ÞANN DAG Í DAG OG ENGINN ÞEIRRA KÆRIR SIG UM ÞAÐ.

NÝTT LÍF VAR UPPHAFIÐ OG ENDIRINN



ALLI BALLGESTUR! – HLYNUR ÓLAFSSON LÉK LÍTIÐ HLUTVERK EN ÓGLEYMANLEGT

„Kanntu einhverja fleiri brandara,“ voru fyrstu viðbrögð Skagfirðingsins Frímánn Lúðvíkssonar þegar blaðamaður bað hann um að rifja upp góða frammistöðu í kvikmyndinni Nýju lífi frá árinu 1983. Í myndinni lék Frímánn, Júlía húsvörð sem sýndi þeim Þór og Danna herbergið sitt og hélt aga í verðbúðinni í vinnslustöðinni í Vestmannaeyjum.

„Ég var húsvörður á þessum tíma á verðbúðinni í Vestmannaeyjum og því lá beinast við að ég tæki að mér þetta hlutverk,“ segir Frímánn sem vinnur nú sem málari í Mosfellsbæ en var húsvörður í næstum 14 ár.

„Þetta var ótrúlega skemmtilegur tími þegar myndin var tekin upp í Eyjum og það hefði auðveldlega verið hægt að gera aðra mynd úr því efni sem ekki var notað.“

VÍGLUNDUR VERKSTJÓRI SEGIST EIGA LÍTIÐ EFTIR

„Ég hætti eiginlega alveg að leika eftir þessa mynd,“ segir Runólfur Dagbjartsson sem fór á kostum sem Víglundur verkstjóri. Runólfur sem nú er 83 ára var vinsæll leikari í leikfélagi þeirra Vestmanneyingja áður en hann tók að sér hlutverk Víglundar. „Þetta var alveg frábær tími. Og mér finnst í raun með ólíkindum hvað myndin er vinsæl en þann dag í dag.“

En á ekkert að leika meira í bíómyndum? „Mér bauðst að taka þátt í einhverjum verkefnum eftir Nýtt líf. En ég afþakkaði allt saman,“ segir Runólfur sem segist eiga fá ár eftir. „Pabbi minn varð 85 ára, mamma mín líka og nú er ég 83 ára. Þannig að þetta er að verða búið,“ segir Eyjamaðurinn síkátí og hlær. Ef marka má rödd Runólfs þá á hann nóg eftir og aðdáendur hans þurfa



engu að kvíða. Á vissan hátt var það súrallísk stund fyrir blaðamann að tala við Runólf því hann er enn með nákvæmlega sama róm og Víglundur verkstjóri en þó er Runólfur mun blíðari en Víglundur nokkurn tímann var.

KYNNTI MENN FYRIR JOHN REAGAN

Eftirlætisatriði fjölmargra aðdáenda Nýs lífs er þegar Þór Ólafsson (leikinn af Eggerti Þorleifssyni) lýgur að Alla ballgesti sem leikinn er af Hlyni Ólafssyni að hann heiti John Reagan og sé frændi Ronalds Reagan sem þá var forseti Bandaríkjanna. Allí fer síðan og lætur vini sína vita að frændi Ronalds Reagan sé á staðnum. Síðan komast þeir að því að þetta sé bara alls ekki John Reagan og þá taka Eyjamenn í lurginn á Þór og sparka honum út úr Alþýðuhúsinu.

„Ég hef alveg látið systur mína sjá um leiklistina, ég fór teikna í staðinn,“ segir Hlynur Ólafsson sem lék Alla. Systir Hlyns er Elva Ósk Ólafsdóttir, leikkona sem farið hefur mikinn í danska spennuþættinum Erninum sem sýndur er í Ríkissjónvarpinu. Elva Ósk fór með hlutverk Ungfrú Snæfells- og Hnappadalssýslu sem Þór Ólafsson reyndi að sofa hjá en með misheppnuðum árangri.

„Ég var í leikfélaginu á þessum tíma og mörg okkar sem voru þar tóku síðan þátt í myndinni. Ég fékk eitthvert handrit en það var nánast ekkert stuðst við það. Atriðið var spunið að mestu á staðnum. Þetta var fyrst og fremst gaman og skemmtilegt að fá tækifæri til að leika í bíómynd,“ segir Hlynur sem var einn þeirra sem tók þátt í því að henda Þór út úr Alþýðuhúsinu.

HH

Arthúr

PERSÓNA



Arthúr verður vikulega í Sirkus hér eftir.

ELLEN ERLA EGILSDÓTTIR ER REYKJAVÍKURMÆR SEM BÚIÐ HEFUR NÁNAST ALLA ÆVI Í NÁGRENNI MIÐBÆJARINS. Í VETUR ÁKVAÐ HÚN AÐ SÖÐLA UM OG ÖÐLAST TILBREYTINGU Í LÍFIÐ. HÚN SKELLTI SÉR Í HÚSSTJÓRNARSKÓLANN Á HALLORMSSTAÐ. HÚN SEGIST HAFNA HAFT GOTT AF ÞVI AÐ KÍKJA ÚT Á LAND ÞVI ÁÐUR HAFÐI HÚN VARLA KOMIÐ ÚT FYRIR HAFNARFJÖRÐ. LISTIN ER ELLEN NÆRTÆK ÞVI FORELDRAR HENNAR OG BRÆÐUR ERU ÖLL ÞEKKT Á SÍNU SVIÐI. MAMMAN TINNA ER ÞJÓÐLEIKHÚSSTJÓRI, PABBINN EGILL ER SÖNGVARI OG LEIKARI. SIRKUS RVK FÉKK ELLEN ERLU TIL AÐ SÝNA SÉR HVERNIG DAGUR Í HÚSSTJÓRNARSKÓLANUM GENGUR FYRIR SIG.



HÚSSTJÓRNARSKÓLINN Á HALLORMSSTAÐ. SVONA LÍTUR SKÓLINN ÚT. ENGIN NETTENGING EN ÞETTA ER ÞÓ ALLT AÐ LAGAST.



SVETIN ER AÐISLEG Í HÓFI

ROSA STUÐ! ELLEN ERLA OG FREYR VASKA UPP. Í MORGUNMAT ÞURFA NEMENDUR ALLTAF AÐ MÆTA FULLKLÆDD OG GREIDD.



NÝSTRAUJAD OG FÍNT! ELLEN ERLA Í KOKKAGALLANUM NÝSTRAUJUÐUM OG FÍN-UM. „ÞAÐ SKIPTIR MIKLU MÁLI AÐ VERA SNYRTILEGUR Í UMGENGNI - EKKI BEINT MÍN BESTA HLIÐ.“



HEIMASÆTAN! „ÉG SÉ EKKI EFTIR ÞVI AÐ HAFNA KOMIÐ. SVETIN ER AÐISLEG, Í HÓFI.“

DAGUR AÐ KVELDI KOMINN! „TAKK FYRIR KOMUNA Á HALLORMSSTAÐ.“

ÆTLAR AÐ VERÐA FATAHÖNNUÐUR! ELLEN ERLA ÆTLAR Í FATAHÖNNUN Í LISTAHÁSKÓLANUM EFTIR ÚTSKRIFT ÚR MENNTASKÓLA. ELLEN ERLA FÆR 30 EININGAR FYRIR ÖNNINA Í HALLORMSSTAÐ SEM ER MEIRA EN Á ÖNN Í VENJULEGUM FRAMHALDSSKÓLA EÐA MENNTASKÓLA.



NÁTTÚRUNÖRD! ELLEN ERLA SEIGR VISTINA Á LANDSBYGGÐINI HAFNA GERT SIG AÐ HÁLFGERÐU NÁTTÚRUNÖRDI. EINS OG HÚN ORÐAR ÞAÐ SJÁLF.

komst ég til dæmis að því að alkóhól hefur mestu kaloríurnar af öllu!

Í lok skólans klukkan 16:00 er svo þvottur þveginn. Kokkagallinn straujaður fyrir næsta eldhústíma því það skiptir miklu máli að vera snyrtilegur í umgengni - ekki beint mín besta hlið. Svo ég þarf að beita mig miklum sjálf-saga sem er stundum soldið erfitt. En þetta er allt að koma

Þegar matur er aðalnámsefnið eykst matarlystin gífurlega og síðan ég kom hingað er ég búin að þyngjast um nokkur kíló. Svo við fór-um þrjú saman út að labba en enduðum í sjoppunni og keyptum meira til að borða. Það er ein sjoppa hérna, næsta er í 40 kílómetra fjarlægð. Svo er bara skógur og foss. Maður breytist í eitthvað náttúrunörd og er alltaf að tala um hvað þetta og hið sé fallett „sjáði himininn.“

Svo byrjum við að elda kvöldmat gengið er hratt og fljótt eftir honum því ferðinni er heitið á Egilsstaði. Nettenging er ekki ennþá komin í húsið. Hversu gamaldags þarf þetta að vera? Síminn hefur svikið skólann um nettengingu í meira en ár, það er helvíti að búa á stað þar sem engin nettenging er.

Café Nielsen er í miklu uppáhaldi hjá fólkinu úr skólanum, þar er ókeypis nettenging og við eyðum mörgum kvöldstundum þar eða uppi í sófa með góða mynd í tækinu. Ég er búin að horfa á allar Lord of the Rings-myndirnar síðan ég kom.

Það eru nokkrir sætir strákar hérna, en þeir heitustu eru allir á föstu! Hvað er í gangi? Ætli maður verði ekki bara að halda sig við strákana úr bænum. Maður lætur nú hvort eð er ekki sjá sig með sveitalubba

Ég verð að segja eins og er að þegar ég ákvað að koma hingað vissi ég ekkert hvað ég var að fara út í og leist ekkert svakalega vel á þetta. Fara úr miðbænum í Reykjavík og koma hingað - ég fer varla upp í Hafnarfjörð! Borgin er minn staður. Sveitin hefur róandi áhrif á mann og ég er rosalega ánægð hérna, skemmtilegt fólk og svo er þetta auðvitað rosalega þroskandi og frábær reynsla.

Ég sé ekki eftir því að hafa komið. Sveitin er aðisleg, í hófi.

É

g vaknaði klukkan 7:30. Auðvitað þarf ég að búa um rúmið og hafa allt fínt áður en einkunnagjöf fyrir almenna umgengni hefst. Mínar einkunnir hafa ekki verið háar, er líka frekar mikil subba en þetta er allt á batavegi.

Þessa vikuna eru það ég og Freyr skólabróðir minn sem sjáum um morgunmatinn svo ég þarf að vakna 20 mínútum fyrr til að setja morgunmat á borðið. Það er skyldumæting í morgunmatinn. Fyrsta daginn mætti ég nývöknuð á bleiku snoopy-náttfötunum mínum og Kolbrún aðstoðarskólameistari var ekki sátt, sagði að í morgunmæti maður fullklæddur og greiddur. Það eru reglur hérna sem eru oft mjög tilgangslausar og kannski of gamaldags. Kennararnir punkta niður einkunnir fyrir nánast allt sem við gerum. Svo maður þarf að gera allt vel og vandlega

Fyrsti tíminn í dag er veitingatækni klukkan 8:30. Þar um innra eftirlit. Þar er líka farið út í þjónustu og framkomu við viðskiptavinum. Ég er búin að læra að taka diska af borðum og halda á þeim eins og alvöru þjónn. Helena vinkona mín er einmitt að fara í prufu að þjóna á Broadway næsta laugardag, ég kem einmitt heim og get kennt henni taktana.

Skólastjórinn, Þráinn Lárusson, kennir þetta fag hann hefur sterkar skoðanir á þessum málum

enda stjórnmalamaður svo þessir tímar eru svona hálfgerð predikun. Við getum oft lent upp á móti hvort öðru í tímunum og getum verið mjög ósammála. Eftir á er svo bara hlegið að því.

Mér finnst rosalega kósi að sitja bara öll saman að sauma. Klukkan 10:30 hefst saumatími. Strákarnir eru ekki að standa sig neitt rosalega vel í þessu fagi og vilja frekar fá að vera í eldhúsinu en það er nú samt gaman að sjá þá reyna að þræða saumavél. Ég er að sauma buxur núna sem ég hef einn dag til að klára. Þetta nám er mjög mikil vinna og ég þarf að vera rosalega skipulögð og nýta tímann minn vel.

Meðan minn hópur saumar er allt á fullu í eldhúsinu. Ef maturinn er ekki tilbúinn á réttum tíma verður skólastjórinn alveg æfur og við viljum sko ekki hafa hann svoleiðis, svo krakkarnir hafa alltaf hraðann á. Matarlyktin berst inn í saumastofu og brátt verður hringt í mat.

Búið er að leggja á öll borð og í dag fáum við mjög íslenskan mat. Ég fékk að smakka saltkjöt og baunir í fyrsta skipti, ótrúlegt en satt!!! Þetta er líka bara borðað á sveitabæjum.

Í hádegishléinu þarf ég að þrifa umsjónina mína en það eru svæði sem okkur er úthlutað vikulega til að þrifa.

Klukkan 13:00 telur næringafræðin við. Þar lærum við um næringagildi matvæla. Þar

Hress og hraust í ræktina og vinnu með *LifeStream* Spirulina!

Daði R. Kristleifsson, 18 ára
Lifestream Spirulina gefur mér
mjög mikla orku en ég finn ótrúlega
mikinn mun þegar ég tek það inn.
Þó svo að ég borði mjög hollt fæði er
það Spirulina sem gerir mér kleift
að hafa orku í allt sem þarf að gera
en ég er í skóla, vinnu, líkamsrækt
og æfi fótbolli. Hef miklu meiri
úthald og er hressari á morgnana.

Lífrænt Fjölvítamín

29 vítamín og steinefni · **18** aminósýrur · Blaðgræna · Omega
GLA fitusýrur · SOD eitt öflugasta andoxunarensím líkamans
Eingöngu lífræn næringarefni tryggja betri upptöku og nýtingu í líkamanum.

Greinilegur munur eftir
nokkra daga inntöku

Aukið úthald, þrek og betri líðan

Til að fá jafnmikið af nokkrum völdum næringarefnum og í dagskammti
af Lifestream Spirulina þarf að borða:

- 7 gulrætur (betakarotín)
- 1 skál af fersku spínati (járn)
- 1 skál af híðishrisgrjónum (kalíum)
- 1 glas af mjólk (kalk)
- 125gr. nautakjöt (prótín + B12 vítamín)
- 30gr. hveitigrassafa (blaðgræna)
- 1 hylki Kvöldvorósarolía (GLA fitusýrur)

Styrkir fljótt líkamann gegn kvefi og flensum

WHO Alþjóðlega Heilbrigðisstofnunin telur hágæða Spirulina ákjósanlegan
næringarauka fyrir börn og fullorðna. Mörg hundruð rannsóknir hafa verið gerðar á
Spirulina og fjöldi þeirra hefur birst í virtum vísindaritum. Hágæða Spirulina eins og
Lifestream styrkir mjög fljótt varnir líkamans gegn umgangspæstum og flensum.

Súrefnistæmir umbúðirnar til að vernda næringarefnin.

Lifestream þörungarnir eru ómengaðir vegna þess að þeir eru ræktaðir í
ferskvatni eftir ströngum gæðastaðli. ISO9001 · ISO14001



HVAÐ HLUSTUÐU ÞAU Á Í MÓÐURKVIÐI?

ÞVÍ HEFUR OFT VERIÐ FLEYGT AÐ SÚ TÓNLIST SEM MÓÐIR HLUSTAR Á MEÐAN BARN ER Í MÓÐURKVIÐI KOMI TIL MEÐ AÐ ENDURSPEGLA TÓNLISTARMEKK BARNINS UM ÓKOMNA TÍÐ. SIRKUS RVK ÁKVAÐ AÐ TAKA SAMAN NOKKRA AF OKKAR HELSTU TÓNLISTARMÖNNUM OG FINNA ÚT HVADDA LÖG VORU Á TOPPI BILLBOARD LISTANS ÞEGAR ÞEIR FÆDDUST.

1977




Jón Jósef Snæbjörnsson, eða Jónsi, er fæddur 1. júní árið 1977. Þegar hann fæddist var lagið **Sir Duke** með **Stevie Wonder** á toppi Billboard listans. Blíndi sálar-snúðurinn og massaði strákurinn sem gleymdi að taka rítalín eiga lítið sameiginlegt nema þeir eru báðir poppvænir í meira lagi.

1979



Birgitta Haukdal er fædd 28. júlí árið 1979. Þá var lagið **Bad Girls** með **Donnu Summer** á toppi Billboard listans og frú Summer ein sú heitasta. Ef Birgitta hefði verið bandarísk, svört og funheit söngkona á þessum árum hefði hún án vafa verið í líkingu við Donnu Summer.

1956



Bubbi Morthens er fæddur þann 6. júní árið 1956. Þá var það sjálfur **Elvis Presley** sem vermdi toppsæti Billboard listans með lagið **Heartbreak Hotel**. Það er nú ýmislegt líkt með tónlist Presley og Bubba sem báðir hafa spilað ófáar vöggvísurnar. Svo má nú ekki gleyma því að báðir eru þeir kóngar í sínu ríki – Hvar svo sem Elvis er nú niðurkominn.

1976



Ragnar Kjartansson, betur þekktur sem **Rassi Prump**, er fæddur árið 1976. Þá var lagið **50 Ways to Leave Your Lover** með **Paul Simon** á toppi Billboard listans. Það er lítið skylt með þeim félagum, Paul og Prump. Rassi Prump er mun villtari en Paul Simon sem hefur sjaldan farið úr að ofan á sviði.

1982



Ágústa Eva Erlendsdóttir sem fer með hlutverk Silvíu Nætur er fædd 28. júlí árið 1982. Þegar hún fæddist var slagarinn úr **Rocky** myndunum – **Eye of the Tiger**, það heitasta á markaðnum. Silvía Nött er mikið tigrisdýr og því engin tilviljun að þetta lag hafi verið vinsælt þegar hún kom í heiminn.

1989



Gunnar Ragnarsón, söngvari hljómsveitarinnar Jakobínurínu er fæddur þann 24. júní árið 1989. Þá var lagið **Satisfied** með **Richard Marx** það heitasta í heimi. Richard Marx var heitur á þessum tíma en hann er hvað þekktastur fyrir lög á borð við **Right here waiting for you**. Gunnar virðist ekki hafa tekið neitt upp eftir þessum kauða – sem betur fer.

1977

Erpur Þórólfur Eyvindarson er fæddur þann 29. ágúst árið 1977. Þá var diskósmellurinn **Best of my Love** með hljómsveitinni **Emotions** á toppnum hjá Billboard. Það er óhætt að segja að Erpur hafi ekki numið útvarpsbylgjurnar í móðurkviði því lítið hefur farið fyrir diskói í hans rapptöktum hingað til. En hver veit hvað framtíðin ber í skauti sér.

1984



Sigurlaug Gísladóttir, betur þekkt sem **Mr. Silla**, er fædd þann 16. október árið 1984. Þá var lagið **I just Called to Say I Love you** með **Stevie Wonder** á toppi listans. Það er ekkert líkt með tónlist Sillu og þess sjónlausa en hæfileikaríka. Silla er mun lágstemmdari en Stevie, en bæði eru þau blíð á því.


1979




Krummi í Mínus er fæddur 29. ágúst árið 1979. Þá var lagið **My Sharona** með hljómsveitinni **The Knack** funheitt. Þetta lag stenst tímans tönn og er enn þann dag í dag spilað á skemmtistöðum borgarinnar. Þetta er ívið meira popp en það sem Mínusmenn hafa verið að fást við en Krummi hefur engu að síður prófað ýmislegt. Meðal annars sungið með pabba sínum og Brynhildi Guðjóns.

EIGA AFMÆLI SAMAN DAG


ÞEGAR OFANGREINDIR LISTAMENN VORU RANNSAKAÐIR KOM Í LÍÓS AÐ FJÖLMARGIR TÓNLISTARMENN EIGA AFMÆLI SAMAN DAG.



BIRGITTA OG ÁGÚSTA EVA FÆDDAR 28. JÚLÍ Þær stöllur öttu kappi í Eurovision á dögunum og var þetta kallað einvígið málka. Þá vissu fæstir að þær stöllur eiga afmæli sama dag. Kannski hefði þá tekist með þeim meiri systra-kærleikur. En þær eru báðar ljón og grimmar í sviðsljósið.



ERPUR OG KRUMMI FÆDDIR 29. ÁGÚST Rapparinn Erpur og rokkarinn Krummi eiga sama afmælisdag en Erpur er tveimur árum eldri. Þeir félagar eru báðir mikið pönkarar í eðli sínu og líkir að því leyttinu til. Þeir eru meyjrar, en engar tussur.



MR. SILLA OG JÓHANNA GUÐRÚN FÆDDAR 16. OKTÓBER Þær eru báðar ungar að árum þær Jóhanna Guðrún og Mr. Silla – og efnilegar báðar tvær. Þær eru báðar á leið upp frægðarstigann, en þó hvor sína leið. Þær eru vogir báðar tvær og ættu að geta lagt ýmislegt á skálar sínar.

1990



Jóhanna Guðrún hin unga er fædd þann 16. október árið 1990. Þá var lagið **I Don't Have the Heart** með **James Ingram** á toppi listans. Hver í ósköpunum er þessi James Ingram? Hann er ekki einn af þessum tónlistarmönnum sem lifir í minningunni og vonandi munu lög Jóhönnu Guðrúnar lifa lengur en hans.



Fæst án
lyfseðils

Við vöðva-
og liðverkjum



Voltaren Emulgel®

Díklófenak tvíetýlamín 11,6 mg/g



EINAR BIRGIR STUNDAR NÁM Í HR. HANN ER 23 ÁRA OG VERSLAR OFTAST ERLENDIS EÐA ÞÁ Í SPÚTNIK, EÐA BARA HÉR OG ÞAR.



JÓNA OTTESEN ER 23 ÁRA VERSLUNARKONA SEM VERSLAR Í GYLTA KETTINUM.



SARA SEM VERSLAR HELST Í KRINGLUNNI EÐA Í ÚTLÖNDUM. HÚN ER 18 ÁRA NEMI.



GYÐA LÓA, RAKEL SIF OG SIGGA ERU NEMAR Í MH. ÞÆR VERSLA HELST Í SPÚTNIK, TOP SHOP OG H&M. STUNDUM LÍKA Í 17 EÐA ROKK OG RÓSUM.



ANDRI ER 23 ÁRA HÁNSKÓLANEMI SEM VERSLAR Í UNDERGROUND.

RAKEL 19 ÁRA, STEFANÍA 19 ÁRA, ANÍTA 19 ÁRA OG HILDUR 20 ÁRA. ÞESSAR STELPUR VERLSLA Í NAKTA APANUM, GYLLTA KETTINUM OG FRÚNNI Í HAMBORG Á AKUREYRI. ÞÆR STUNDA NÁM Í MENNTASKÓLANUM Á AKUREYRI.



FÓLKID Á GÖTUNNI

AD ÞESSU SINNI FÓR SIRKUS ADRA LEIÐ EN VANALEGA HVAD VARDAR TÍSKUNA. VIÐ ÁKVÁÐUM AD FÁ MEÐ OKKUR Í LIÐ FÓLKID Á GÖTUNNI. EINS OG FLESTIR VITA ÞÁ ER ÞAÐ UMHVERFIÐ OG FÓLKID Í KRINGUM OKKUR SEM GEFUR OKKUR INNBLÁSTUR HVAD VARDAR TÍSKU SEM OG ALLT ANNAÐ. ÞESS VEGNA VAR ÁKVEÐIÐ AD FARA Á STÚFANA OG SJÁ HVADA HUGMYNDIR FÓLKID Á GÖTUNNI GETUR GEFIÐ OKKUR.



ANDRI ER 23 ÁRA NEMI Í HÁSKÓLA ÍSLANDS. ANDRI VERSLAR AÐAL-LEGA Í ZÖRU OG 17.



RAKEL ER 14 ÁRA HNÁTA SEM STUNÐAR NÁM Í HLÍÐASKÓLA. VERSLAR Í 17, RETRÓ OG CENTRUM.



ÞORSTEINN, BIRKIR OG ÁRNI VERSLÓNEMAR. ÞEIR ERU 19 ÁRA OG VERSLA HELST Í SAUTJÁN OG DERES.

23



Roberto Cavalli fæddist í Flórens á Ítalíu árið 1944, hann stundaði nám í Florence Art Academy og er sporödreki. Cavalli hóf ferilinn um 1965 þegar hann var 21 árs. Hann byrjaði á því að mála boli af stelpu sem hann þekkti úr skólanum. Síðan kom að því að hann byrjaði að mála á skinn og var þetta í fyrsta skipti sem þetta hafði verið gert. Ítalska Vogue tók eftir unga Cavalli og þar með hófst ævintýrið. Í tuttugu ár hefur Cavalli hannað og unnið með emi sem hafa vakið hvað mesta athygli á Ítalíu og í öðrum Evrópulöndum. Þegar Cavalli opnaði búð á Madison Avenue í New York sló hann í gegn þar sem allar stelpur fóru að ganga í Cavalli gallabuxum. Ekki má gleyma stömunum í Sex and the City og Elton John svo einhverjar séu nefndar. Heitar stelpur, á heitum stöðum klæðast fötunum hans. Í dag er kúnnahópur hans ekki af verri endanum og má þar nefna stjörnur á borð við Jennifer Lopez, Mary J. Blige og Lenny Kravitz. Fötin hans vekja athygli fyrir líti, kraft og kynþokki og ekki dró hann úr því þegar hann sýndi vor og sumarlinuna 2006 á Milan Fashion Week í september 2005. Áhugasamir geta kíkt á slóðina: www.robortocavalli.com.

KRAFTUR OG KYNÞOKKI

AMERICAN DAD
ÞRIÐJUDAGA KL 21:00

JÓNSSON & LE'MACKS • JLI.IS



BANDARÍKIN ERU Í ÖRUGGUM HÖNDUM!

ÚTSENDARI CIA, STAN SMITH, ER ALLTAF Á VARÐBERGI FYRIR
HRYÐJUVERKAHÆTTUM. FYNDNASTA TEIKNIMYNDIN Í DAG!

FYLGSTU MEÐ!



ÞAÐ BESTA HJÁ SÍRKUSFJÖLSKYLDUNNI



HAWAIIAN TROPIC Á SÍRKUS

Sirkus er nú í samvinnu við Model.is og Studio Paradís að framleiða þætti um Bikinimódel ársins 2006. Tíu stelpur hefja leikinn og fylgjumst við með því þegar þær fara í myndatökur, sýna á sýningum, læra að fara í viðtöl, kynna hvern annari, kynna lífi fræga fólksins og keppa sín á milli, þar sem aðeins ein getur staðið uppi sem sigurvegari. Sigurvegari fer svo til Las Vegas og tekur þátt í keppninni um Miss Hawaiian Tropic, en sú keppni er sú þekktasta í heiminum af öllum bikinikeppnum. MTV-útsendarar eru á leið til landsins til að velja stelpur fyrir stórt MTV-partí á Spáni eftir viku. Hluti þáttakenda úr keppninni Bikinimódel ársins, sem verið er að framleiða fyrir Sirkus, fara á vegum MTV til Spánar og mun verða haldið kynþokkafullt kvöld á Pravda laugardagskvöldið 4. mars þar sem útsendarar MTV, Sirkus, Model.is og Studio paradís kynna módelin. Alls munu 15 stelpur fara til Spánar og verður ekki víst hverjar þær verða fyrr en eftir laugardagskvöldið.

LJÓTASTA SKÓPAR LANDSINS

FM 957

Krakkarnir á FM 957 deyja ekki ráðalausir hvað varðar leiki og önnur skemmtileg uppátæki. Heiðar Austmann stóð á dögum fyrir skemmtilegum leik um ljótasta skóparið og hver sem vildi gat komið með þar sem að honum þætti vera það ljótasta sem til væri. Sá hinn sami átti kost á því að vinna til glæsilegra vinninga. FM 957 hefur fundið vinningshafa í skemmtilega leiknum sínum um ljótasta parið. Sú sem datt í lukkupottinn heitir Lísu Dröfn og hún vann 40.000.- kr. inneign í verslunum Skór.is en sú verslun var í samstarfi við FM 957 í leiknum góða. Um 300 pör bárust í keppnina og var valið nokkuð erfitt, en að lokum voru það skórnir hennar Lísu sem höfðu vinninginn. Til hamingju með ljótu skóna, Lísu.



HEIÐAR AUSTMANN SÁ UM LEIKINN.



LÍSA DRÖFN FÆR HÉR AFHENT VERÐLAUN FYRIR LJÓTASTA SKÓPARIÐ.

Sirkusmynd - Heiða

ENNÞÁ MEIRA AF FOOTBALLER'S WIVES

SÍRKUS

Þættirnir Footballers' Wives gleymast seint, þeir slógu all hressilega í gegn á Stöð 2 eins og allir áskrifendur vita. Karakterarnir voru geggjaðir, nóg af stelpum að slást, framhjáald jafn eðlilegt og að fara á klósettið. Þetta voru þættir um ástir og svik, peninga og svindl og eins og flestir vita þá klikka svona blöndur seint. Öllum til mikillar gleði byrjar ný þáttaröð sem er „spinoff“ frá Footballers' Wives-þáttunum sem eru búnir að slá í gegn og bera þeir heitið Footballers' Wives Extra time. Þættirnir verða sýndir á sjónvarpsstöðinni Sirkus og hefjast núna næsta fimmtudag. Í þetta sinn eru þær fallugar, moldríkar og geta gert það sem þær vilja! Í þessari þáttaröð er fjallað um Aniku Beevor, systur Tanyu Turner úr Footballers' Wives. Ef ykkur fannst Tanya vera slæm, bíðið þá þar til þið sjáið Aniku. Eins og sagt var hér fyrr þá verða þessir þættir á fimmtudagskvöldum kl. 22.30 og fer fyrsti þátturinn í loftið 9.mars.



X-LISTINN TOPP 20

SÆTI	FLYTJANDI	LAG
1.	Fræ	Fréðinn Fáviti
2.	System Of A Down	Lonely Day
3.	Nine Inch Nails	Every Day Is Exactly ...
4.	Ampop	Clown
5.	Jeff Who	Barfly
6.	Richard Ashcroft	Break The Night With ...
7.	Singapore Sling	Saul
8.	Bullet For My Valentine	All These Things I Hate
9.	The Darkness	Is It Just Me
10.	Future Future	Code Civil
11.	Arctic Monkeys	I Bet You Look Good ...
12.	Dr. Mister & Mr. Handsome	Kokaloca
13.	Avenged Sevenfold	Beast and the Harlot
14.	Death Cab For Cutie	Crooked Teeth
15.	Dead Sea Apple	Bearer of Bad News
16.	White Stripes	Walking With A Ghost
17.	Wulfgang	Machinery
18.	Dikta	Breaking The Waves
19.	Vax -	Your Hair is Stupid
20.	She Wants Revenge -	Tear You Apart

AMPOP Á LEIÐ UPP LISTANN MED LAGIÐ CLOWN.



FM 957 ÍSLENSKI LISTINN TOPP 20

SÆTI	FLYTJANDI	LAG
1.	Silvía Nótt	Til Hamingju Ísland
2.	Mary J. Blidge	One
3.	Eminem/Nate Dogg	Shake That
4.	Cascada	Everytime We Touch
5.	Kelly Clarkson	Gone
6.	Stained	Right Here
7.	Daniel Powter	Free Loop
8.	All American Reject	Dirrty Little Secret
9.	Neyo	So Sick
10.	Lifeshouse	Blind
11.	Click Five	Catch Your Wave
12.	Lee Ryan	When I Think Of You
13.	White Stripes	My Doorbell
14.	Dr. Mister & Mr. Handsome	Kokaloca
15.	Gwen Stefani	Crash
16.	Rihanna	If Its Lovin That...
17.	Ampop	My Delusions
18.	Nelly	Grillz
19.	Ryan Cabrera	Photo
20.	Beyonce	Check On It

SILVÍA NÓTT KLIFRAÐI UPP Á TOPP



Sódóma Reykjavík

SÓDÓMA REYKJAVÍK ER PRÓGRAM SIRKUSS RVK. FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVÍ Á LEIÐinni TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDU OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁÐNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@365.IS

SKEMMTIstaðir

FÖSTUDAGUR 3. MARS

CAFÉ OLIVER

Dagskráin er ekki af verri endanum og fólkið alltaf flott og skemmtilegt. Nú er mál til komið að dansa og gleyma sér í takt við engan annan en Dj J.B.K.



BAR 11

Bar 11 klikkar ekki hvað varðar almennilega tónleika. Að þessu sinni eru það tónleikar með Weapons, Nilfisk & Sprengjuhöllin frá kl 22-24 en svo tekur Dj Gulli í Ósóma við frá kl 24-6.

12 TÓNAR

Þórir kemur fram í 12 Tónum, tónleikarnir byrja klukkan 17:00, aðgangur ókeypis. Þar koma fram My Summer as a Salvation Soldier og Death Metal Super Squad en þá sveit skipa Þórir á gítar og söng og Fannar á trommur.

GRAND ROKK

Tónleikar Þóris hefjast klukkan 23:00 og er aðgangseyrir 500kall. Þetta eru söfnunartónleikar fyrir Þóri sem er á leið á South by Southwest tónleikahátíðina sem haldin er í Austin í Texas í mars. Þær hljómsveitir sem koma fram eru Gavin Portland (en þar leikur Þórir á gítar), My Summer as a Salvation Soldier og svo ljúka Jakobínarína tónleikunum.

CAFÉ VICTOR

IDOL-partí kvöld. Fleiri og fleiri mæta til að fylgjast með og missa ekki af mínútu af þættinum. Risaskjár á Victor. Mættu fyrst/ur og náðu bestu sætunum. Dj Jón Gestur gerir svo kofann fohkheldan um miðnættið.

PRAVDA

Ekki má gleyma háskólafólkinu og ef einhver er að reyna að hösla þá er um að gera að drífa sig á Pravda í kvöld. Það er Háskólakvöld á Pravda og sér Kjartan trúbador um stuðið. Dj Áki Pain og Dj A.K. skipta húsinu á milli sín þegar nóttin nálgast.



KLÚBBURINN

Það borgar sig að fara út meðal fólks og hlusta á Idolið í alvöru partí með alvöru fólki. Idol verður á risaskjá ásamt því að trúbadorarnir Halli og Kalli skemmta gestum eftir það.

HRESSÓ

Það vantar ekki stemninguna í kvöld þar sem þeir Geiri Sæm og Tryggvi Hubner spila fyrir fólkið. Þegar það er farið að hitna í kolunum tekur Dj Maggi við.



VEGAMÓT

Kvöldið í kvöld er málið, það eru allir á leiðinni út að dansa og daðra. Hver er betri að koma manni í rétta gírinn en Dj Dóri? Hann spilar þar til sólin rís upp.



GAUKURINN

Alvöru rokkveisla hefst föstudagskvöldið á eina almennilega rokkstaðnum í Reykjavík kl 23:00. Fram koma: Dikta, Jeff who og Days of our lives, svo ekki missa af alvöru fjöri.

LAUGARDAGUR 4. MARS



NASA

Wig Wam eru komnir til landsins eftir óralanga bið og eru ófáir óþreyjufullir aðdáendur ólmir í að fá að sjá þá á sviði. Það verður ekki tomt á gólfinu þegar þeir eru annars vegar.

OLIVER

Hið heita þar Suzy & Elvis mun þeyta skífum af mikilli snilld. Það er varla hægt að biða eftir að fá að dilla sér í takt við músíkina. Þau klikka ekki hvað varðar stuð og standpínu.



BAR 11

Tónleikar með Múgsefjun & Viðurstygð verða á Bar 11 frá kl 22-24 svo það er um að gera að mæta snemma því barinn er fljótur að stappast út að dyrum. Svo er það þeytipíkan hann Dj Haffi sem tekur við og dúndrar upp fjörinu frá kl 24-6.

CAFÉ VIKTOR

Dj Jón Gestur með allt það stuð sem til verður í bænum. Fyrsta helgin í mánuðinum og allir ættu að kíkja á djammað, vertu maður með mönnum og mættu á Victor.

PRAVDA

Hawaian Tropic kvöld verður haldið á Pravda. Húsið opnar kl: 23:00 og verður troðfullt út að dyrum. Við tekur svo stanslaust partí hjá Dj Áka Pain og Dj Kidda Bigfoot.

HRESSÓ

Dúettinn Ari og Gunnir spila fyrir áhorfendur falleg lög og óða slagara. Þegar líða tekur á kvöldið og fólk komið í stuð tekur Dj Maggi við og heldur öllum á dansgólfinu þar til yfir lýkur.

VEGAMÓT

Það er alltaf góð stemning á Vegamótum, fólkið er í blússandi djammgír og tónlistin kemur manni í dansfiling. Þeir sem heiðra þá sem vilja dans í kvöld eru Dj Sims og J-masta.



KRINGLUKRÁIN

Íslandsmóti skákfélaga lýkur á laugardagskvöld með verðlaunaafhendingu á Kringlukránni. Að henni lokinni verður vaðandi fjör upp um alla veggi fram eftir nóttu. Sjálfur rokkkóngurinn Rúni Júl, synir hans Balli og Júlli, Óttar Felix og Tryggvi Hübnér munu tefla fram öllum helstu rokksmellum sjötta og sjöunda áratugarins og tryggja stuðið. Ballið er opið fyrir alla. Það verður fórn að báða bóga og leyst úr flækjum stöðunnar á Kringlukránni á laugardagskvöldið þegar bestu skákmenn landsins og aðrir gestir koma saman og fagna

KLÚBBURINN

Dansleikur með sveiflukóngnum sjálfum, honum Geirmundi Valtýssyni. Geir er ekki af verri kantinum þótt ljóshærður sé og er um að gera að drífa sig að sjá hann í fullu fjöri.



GAUKURINN

Shandi Sullivan, sem flestir þekkja úr America's Next Top Model, verður á Gauk á stöng á laugardagskvöld að þeyta skífum. Hún er ein af þekktari 80's Dj í New York auk þess sem hún sinnir fyrirsætustörfum. Einnig kemur fram Dj Lord Easy sem spilar hip hop, og Kararoke Killed the Cat, sem er kararoke-hópur sem hún stendur að. Húsið opnar kl 22:00 og 500kall inn.

LANDSBYGGÐIN

SJALLINN

Wig Wam spilar fyrir æsta áhorfendur á föstudaginn í Sjallanum. Þeir sem hafa verið að biða þurfa ekki að örvænta því þetta er að fara að rætast.

YELLO.

Atli skemmtanalögga klikkar aldrei og ekki er neitt annað að segja um helgina. Atli heldur uppi massa fjöri bæði á föstudags- og laugardagskvöld.

SJALLINN

Árshátíð Háskólans á Akureyri verður haldin á laugardagskvöld í Sjallanum. Það verður mikið um glæsibrag og skemmtun og mun hljómsveitin Í svörtum fötum halda stórdansleik í Sjallanum strax eftir árshátíðina.

DÁTINN

Það vantar aldrei fjörið í fólkið né staðinn hér á bæ, það verður hinn eini sanni Pétur sem heldur uppi stemningu og dansinn mun duna fram á rauða nótt.

Sódoma Reykjavík

SÓDÓMA REYKJAVÍK ER PRÓGRAM SIRKUSS RVK. FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVÍ Á LEIÐINI TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDU OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁDNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@365.IS

LISTASÝNINGAR

ART-ICELAND

Það fer hver að vera síðastur að sjá sýningu Arnórs G. Bieltvedt í galleríinu Art-Iceland. Lokadagur sýningarinnar er á laugar-daginn.

AURUM

Elísa Ýr Steinarsdóttir sýnir Ljósmynd að nafni Ásta sem er hluti af myndaseríunni Vinir. Lokadagur sýningarinnar er í dag og því um að gera að kíkja við í Aurum í dag.

LISTASAFN ASÍ

Í Ásmundarsal er sýning Ingibjargar Jónsdóttur Fínofnar himnur og þulur um tímamann. Í Gryfjunni er Guðrún Marínósdóttir með sýningu sína Eins konar gróður og Í Arinstofunni er sýning á myndvefnaði eftir Vigdís Kristjánsdóttur.

GRAFÍKSAFN ÍSLANDS

Í Grafíkafni Íslands stendur nú yfir sýning Magdalenu Margrétar Kjartansdóttur sem ber heitið Konur í 20 ár. Verkin á sýningunni eru sérstaklega unnin fyrir Grafíklistasafnið.

HRAFNISTA HAFNARFIRÐI

Sjö málarafrá félagsmiðstöðinni Gerðubergi sýna verk sín í Menningarsal dvalarheimilisins.

HANDVERK OG HÖNNUN

Nú stendur yfir sýningin Auður Austurlands í tengslum við Vetrarhátíð í Reykjavík. Á sýningunni eru fjölbreyttir munir unnir úr hráefni tengdu Austurlandi, lerkí, líparítí, hreindýraskinni, horni og beini.

GALLERÍ HUMAR EDA FRÆGD

Sýning á vegum Leikminjasafns Íslands um götuleikhópinn Svart og sykurlaust. Ljósmyndir, leikmunir, kvikmyndasýningar. Opíð 12 til 6 laugardaga og 12 til 18 virka daga.

DUUS HÚS

Sýning Poppminjasafnsins þar sem sagt er frá tímabilinu 1969 til 1979 í máli og myndum. Rifjuð upp tískan og tíðarandinn, opíð til 13-18.30 til 1. apríl.

LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

Fríðrik Örn sýnir ljósmyndir.

LISTASAFN REYKJAVÍKUR, HAFNARHÚS

Myndir eftir Erró eru til sýnis og mun sýningin vera til 23. apríl

GALLERÍ FOLD

Sveinbjörg Hallgrímsdóttir sýnir handþrykktar tréristur í Baksalnum til 12. mars.

GRUNNIURINN Á DRYKKJUMENNSKUNNI

SCREWDRIVER KEMUR MÉR Í STUÐ



„Ætli það sé ekki bara mjólkín. Hún er drykkurinn minn en ef þið eruð að tala um áfenga drykki þá er það Screwdriver, ekki spurning.“ segir Búi Bendtson, útvarpsmaður og gítarleikari Brain Police. „Screwdriver er eitthvað svo þægilegur drykkur fyrir mig. Ég kynntist þessum drykk fyrir löngu, kannski bara þegar ég var um títugt. Screwdriver kemur mér í stuð. Ég hef ekki fengið mér þennan drykk soldið lengi en þetta er samt drykkurinn minn.“ segir Búi Bendtson



LISTASAFN REYKJAVÍKUR, KJARVALSSTAÐIR

Jóhannes Sveinsson Kjarval. Í ár eru 120 ár frá fæðingu málarans fræga. Sýningin stendur yfir til 19. mars.

BORGIN ÖLL

Stella Sigurgeirsdóttir sýnir 20 „Minningarstólpa“ unna á umferðaskilti víðs vegar í Reykjavík fram í ágústlok.

THORVALDSEN

Bjarni Helgason sem er grafískur hönnuður hefur opnað sýningu sem ber nafnið -Ostranenie-sjónræna tónræna-sýningin er til 3.mars

SAFN

Róni Horn, á þremur hæðum. Verkin eru um 20 talsins frá 1985 – 2004 og eru öll í eigu safnsins. Sýningin ber heitið „Some photos“. Flest verka Róni Horn eru ljósmyndir sem hún hefur tekið á Íslandi en hún hefur dvalið hér reglulega síðan 1975.



ÞJÓDMENNINGARHÚSIÐ

Norðrið bjarta/dimma er samsýning 19 listamanna á verkum sem tengjast ímynd norðursins. Aðrar sýningar eru Handritin, Þjóðminjasafnið – svona var það og Fyrirheitna landið. Veitingastofan er opin virka daga, hádegisverður kaffi og kökur.

LEIKHÚS

FÖSTUDAGUR 3. MARS

VIRKJUNIN

Frumnýning á Virkjuninni eftir nóbelsverðlaunahafann Elfriede Jelinek í leikgerð Maríu Kristjánsdóttur verður á Stóra sviði Þjóðleikhússins í kvöld. Leikstjóri er Þórhildur Þorleifsdóttir. Verkið er stjörnum prýtt. Leikendur eru Arnar Jónsson, Atli Rafn Sigurðarson, Baldur Trausti Hreinsson, Björgvin Franz Gíslason, Gísli Pétur Hinriksson, Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir, María Pálsdóttir, Nanna Kristín Magnúsdóttir, Ólafur Steinn Ingunnarson, Páll S. Pálsson, Rúnar Freyr Gíslason, Sólveig Arnarsdóttir, Þórunn Clausen og Þórunn Lárusdóttir.

ÉG ER MÍN EIGIN KONA

Í Iðnó klukkan 20. Þetta verk er eitthvað sem enginn má láta fram hjá sér fara. Um er að ræða einleik þar sem Hilmir Snær Guðnason kemur áhorfendum sínum á óvart hvað varðar leik og tilburði. Eitthvað er um laus sæti í kvöld.

NAGLINN

Nýtt verk eftir Jón Gnarr. Þetta er harmleikur um karlmennskuna, saga manns sem finnst allt hafa farið til einskis þrátt fyrir allan sinn vilja til að standa sig. Gunnar Sigurðsson og Jón Stefán Kristjánsson sjá um leikinn. Jón kann að skemmta landanum með hnyttum og beinskeyttum húmor á kaldhæðinn hátt. Sýningin hefst klukkan átta í kvöld á Litla sviði Borgarleikhússins.

MARFUBJALLAN

Verkið verður einungis sýnt í febrúar og mars og er það í samræmi við nýtt sýningarfyrrkomulag sem LA tók upp á síðasta leikári þar sem hvert verk er einungis sýnt í stuttan tíma – en þeim mun þéttar. Í vetur hafa flestar sýningar leikhússins selst upp og því ástæða til að hvetja alla til að hafa hraðar hendur og tryggja sér miða.

TYPPATAL

Auðun Blöndal hefur farið á kostum í einleikum Typpatal og hefur sýningin algjörlega slegið í gegn. Einleikurinn er um lillennmann almennt. Sigurður Sigurjónsson leikstýrir verkinu í þýðingu Jóns Atla Jónssonar. Höfundurinn Richard Herring, byggir verkið á könnun sem hann gerði á netinu þar sem ýmsum spurningum um höfuðdjásn karlmansins er svarað. Sýningin hefst klukkan hálfnú á Nasa en húsið opnar klukkan átta.

CARMEN

Söngleikurinn Carmen er samstarfsverkefni Leikfélags Reykjavíkur og Íslenska dansflokksins, þar sem óperunni eftir Bizet er snúð í söngleik um ástir, afbrýði og hrikaleg örlög, sem ekki verða umflúin. Ásgerður Jóníusdóttir leikur Carmen. Sveinn Geirsson leikur Don José og Erlendur Eiríksson Escamillo. Sýningin hefst klukkan átta.

HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA UM HELGINA

LÆRA SLETTULAUST OG ÞJÓNA

„Vá, um helgina verð ég bara að læra, ekki beint spennandi.“ segir Brynja Valdimars fyrrum Idolkeppandi og nemandi. „Ég er bara í skólanum um þessar mundir og lítið annað sem kemst að, það er bara enginn tími fyrir neitt annað. Ég er í Fjölbrotaskóla Vesturlands og ég er bara alveg á fullu, þarf að læra sleitulaust. En að visu ætla ég að þjóna á árs hátíð skólans og ég verð að bera fram matinn. Árs hátíðin er haldin í skólanum og eina sem er planað hjá mér er að þjóna þar. Það er ekki tími fyrir bíó eða heimsóknir eða neitt.“ segir Brynja sem er að drukkna í skólanum.

Brynja Valdimars, nemi og söngkona.



SYNGJA OG FÁ FJÖLSKYLDUNA Í HEIMSÓKN

„Á föstudagskvöldið syng ég í Bláa lóninu og svo verð ég að syngja á Broadway á laugardagskvöldið í Nínu og Geira.“ segir Friðrik Ómar Hjörleifsson söngvari. „Svo er fjölskyldan að koma að norðan í heimsókn þannig að það verður fullt hús hjá mér. Systur mínar og mamma og pabbi, fullt af fólki. Hugmyndin er að fara þennan týpíska túristarúnt, við förum í keilu og svona. Þau verða fram á sunnudag svo ég reyni að vera handlaginn hér heima fyrir. Þau eru eins og ég – ég er eka sveitamaður og þau eru eka sveitafólk sem staldrar bara stutt við í borginni, þola illa stressið.“ segir Friðrik Ómar sem er að vonum fullur tilhlökkunar að fá fjölskylduna í heimsókn.

Friðrik Ómar söngvari.




BANKAUGLÝSING OG ÞINGVELLIR

„Það er nú ekkert spennandi að segja frá því, þar sem ég er bara að vinna alla helgina.“ segir Alda Guðjónsdóttir stílisti og tískulögga með meiru.

„Ég er að vinna í stórrí bankaauðglýsingu og er alveg á fullu fram yfir sunnudag. Ég er bara „non stop“ og ekki meira sem kemst að þessa dagana.“ Það er samt gaman þar sem við erum svona að vinna í nágrenni við Reykjavík, Þingvelli og Bláa lónið, Grindavík og þar í kring. Þetta er smá rúntur, ég fæ að komast aðeins út í náttúruna. Svo bara eftir vinnu fer ég heim til barnanna minna, en ég væri annars til í að fara út að borða eða í leikhús á Hungur.“ segir Alda sem hefur meira en nóg að gera þessa dagana.

Alda Guðjónsdóttir stílisti





ÖSKUBUSKA

Íslenska óperan klukkan 20. Uppfærsla Rossinis á ævintýrinu um Öskubusku. Sýningin er létt og skemmtileg fjölskylduskemmtun, þar sem allir ganga út með bros á vör. Með hlutverk Öskubusku fer Sesselja Kristjánsdóttir og í öðrum hlutverkum eru m.a. Garðar Thór Cortes, Bergþór Pálsson, Hlín Pétursdóttir og Davíð Ólafsson.

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR

Einleikurinn Alveg BRILLJANT skilnaður gerist í næsta nágrenni við okkur öll á þessum síðustu og verstu tímum. Leikurinn er á gamansömum nótum enda þótt honum megi á köflum lýsa sem harmskoplegum og greinir frá ofur hvunn dagslegri miðaldra höfuðborgarmær, Ástu að nafni, sem býr í Grafarvoginum. Sýningin er í Borgarleikhúsinu á Litla sviði.

HIMNARÍKI

Geðklofinn gamanleikur sem enginn á að missa af.

LAUGARDAGUR 4. MARS

MARÚBJALLAN

Verkið verður einungis sýnt í febrúar og mars og er það í samræmi við nýtt sýningarfyrrkomulag sem LA tók upp á síðasta leikári þar sem hvert verk er einungis sýnt í stuttan tíma – en þeim mun þéttar. Í vetur hafa flestar sýningar leikhússins selst upp og því ástæða til að hvetja alla til að hafa hraðar hendur og tryggja sér miða.

VIÐTALIÐ

Núna um helgina frumsýnir Draumasmiðjan í samvinnu við Hafnarfjarðarleikhúsið leiksýninguna Viðtalið. Viðtalið fjallar um mæðgur sem eru að fara í viðtal. Dóttirin er heyrnalaus og móðirin heyrandi. Túlkur kemur til að vera til aðstoðar í viðtalinu. Spyrjandinn er seinn og mæðgurnar fara að spjalla saman í gegnum túlkinn.

VIRKJUNIN

Leikritið Virkjunin eftir nóbelsverðlaunahafann Elfriede Jelinek í leikgerð Maríu Kristjánsdóttur verður á Stóra sviði Þjóðleikhússins í kvöld. Leikstjóri er Þórhildur Þorleifsdóttir. Verkið er stjórnum prýtt. Leikendur eru meðal annars, Arnar Jónsson, Björgvin Franz Gíslason, Gísli Pétur Hinriksson, Þórunn Lárusdóttir, María Pálsdóttir, Nanna Kristín Magnúsdóttir, Ólafur Steinn Ingunnarson, Rúnar Freyr Gíslason, Sólveig Arnarsdóttir og Þórunn Clausen.

PÉTUR GAUTUR

Í kvöld er vígslusýning Kassans í Þjóðleikhúsinu á verki Ibsens, Pétri Gaut. Í sýningunni nýtur mannlegt innsæi höfundarins sín til fulls og ímyndunarafli og hugmyndaauðgi hans fara á flug í þessari frumlegu uppsetningu Baltasars Kormáks sem flytur persónuna í nútímann. Björn Hlynur Haraldsson fer með aðalhlutverkið. Í öðrum hlutverkum eru m.a. Brynhildur Guðjónsdóttir, Ingvar E. Sigurðsson, Ólafur Egill Egilsson og Guðrún Gísladóttir.

CARMEN

Söngleikurinn Carmen er samstarfsverkefni Leikfélags Reykjavíkur og Íslenska dansflokksins, þar sem óperunni eftir Bizet er snúið í söngleik um ástir, afbrýði og hrikaleg örlög, sem ekki verða umflúin. Ásgerður Júníusdóttir leikur Carmen. Sveinn Geirsson leikur Don José og Erlendur Eiríksson Escamillo. Sýningin hefst klukkan átta.

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Þjóðleikhúsið heiðrar minningu Svövu Jakobsdóttur sem hefði orðið 75 ára á þessu ári. Svava hafði mikil áhrif á íslenskt menningarlíf og samfélag á seinni hluta 20. aldar og kom með skarpa sýn á stöðu konunnar í nútímasamfélagi. Leiksýningin er innblásin af fimm smásögum eftir Svövu og er leikritið fullt af söngvum og óvæntum uppákomum. Sýningin hefst klukkan fimm.

RONJA RÆNINGJADÓTTIR

Ronja ræningjadóttir eftir Astrid Lindgren en er í leikstjórn Sigurúnar Eddu Björnsdóttur. Þetta klassíska og ávallt hressandi verk er sýnt í Borgarleikhúsinu. Söguna kannast flestir við og þeir sem ekki gera það munu ekki sjá eftir því að leyfa sögunni og persónunum að flytja sig á braut ævintýranna.

ÉG ER MÍN EIGIN KONA

Í lönó klukkan 20. Þetta verk er eitthvað sem enginn má láta fram hjá sér fara. Um er að ræða einleik þar sem Hilmir Snær Guðnason kemur áhorfendum sínum á óvart hvað varðar leik og tilburði. Eitthvað er um laus sæti í kvöld.

SUNNUDAGUR 5. MARS



TÚSKILDINGSÓPERAN

Hver er munurinn á að ræna banka og að taka yfir banka? Þessi spurningu er varpað fram í þessu leikriti sem er sýnt á Stóra sviðinu í Þjóðleikhúsinu. Frá Bertolt Brecht og Kurt Weill kemur þetta brilljant leikrit sem sló í gegn þegar það var sýnt í Berlín. Leikritið fjallar um um skrautlegan lýð, broddborgara og bófa.

ÖSKUBUSKA

Íslenska óperan klukkan 15. Uppfærsla Rossinis á ævintýrinu um Öskubusku. Sýningin er létt og skemmtileg fjölskylduskemmtun, þar sem allir ganga út með bros á vör. Með hlutverk Öskubusku fer Sesselja Kristjánsdóttir og í öðrum hlutverkum eru m.a. Garðar Thór Cortes, Bergþór Pálsson, Hlín Pétursdóttir og Davíð Ólafsson.

RONJA RÆNINGJADÓTTIR

Ronja Ræningjadóttir eftir Astrid Lindgren er í leikstjórn Sigurúnar Eddu Björnsdóttur. Þetta klassíska og ávallt hressandi verk er sýnt í Borgarleikhúsinu. Söguna kannast flestir við og þeir sem ekki gera það munu ekki sjá eftir því að leyfa sögunni og persónunum að flytja sig á braut ævintýranna.

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Þjóðleikhúsið heiðrar minningu Svövu Jakobsdóttur sem hefði orðið 75 ára á þessu ári. Svava hafði mikil áhrif á íslenskt menningarlíf og samfélag á seinni hluta 20. aldar og kom með skarpa sýn á stöðu konunnar í nútímasamfélagi. Leiksýningin er innblásin af fimm smásögum eftir Svövu og er leikritið fullt af söngvum og óvæntum uppákomum.

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR

Barnaleikrit sem hentar öllum aldri. Farið er í ævintýraheim H.C. Andersen. Handritið er byggt á nokkrum vel völdum ævintýrum frá þessum danska höfund. Björgvin Franz Gíslason stelar senunni í þessu flotta verki. Sýningin var fyrst sett á koppinn í fyrra og gengur enn vegna vinsælda. Sýningin hefst klukkan eitt og er hún sýnd á Stóra sviði Þjóðleikhússins.

MIND CAMP

Það eru þeir Egill Heiðar Anton Pálsson, Jón Atli Jónasson og Jón Páll Eyjólfsson sem leiða saman hesta sína við smíði verksins Mind Camp sem sýnt er í Hafnarfjarðarleikhúsinu. Flytjendur leggja sitt af mörkum við að brjóta leikformið undan yfirráðum persónusköpunar. Einkar áhugaverð sýning.

SUNNUDAGSKVÖLD MEÐ SVÖVU

Hægt er að fræðast um ævistarf Svövu Jakobsdóttur í Smíðaverkstæðinu í kvöld. Í tengslum við sýninguna Eldhús eftir máli er boðið upp á fyrirlestur, kvöldverð, leiksýninguna og umræður á eftir.

HUNGUR

Hungur er nýtt, íslenskt verk eftir Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur Bachmann og er um lífsbaráttu fjögurra einstaklinga í heimi þar sem útlitskröfurnar eru svo óraunhæfar að internetið er eini staðurinn þar sem hægt er að uppfylla þær. Hungur er þriller um stjórnun, kynlíf, sjálfsaga, ást, fíkn, ímynd, fegurð og leit að fullkommun.

TALAUÐI VIÐ MIG

Nýtt og spennandi leikrit sem kemur áhorfandanum vel á óvart. Verkið var frumsýnt um síðustu helgi og er

ÞRIÐJUDAGUR 7. MARS

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Þjóðleikhúsið heiðrar minningu Svövu Jakobsdóttur sem hefði orðið 75 ára á þessu ári. Svava hafði mikil áhrif á íslenskt menningarlíf og samfélag á seinni hluta 20. aldar og kom með skarpa sýn á stöðu konunnar í nútímasamfélagi. Leiksýningin er innblásin af fimm smásögum eftir Svövu og er leikritið fullt af söngvum og óvæntum uppákomum. Sýningin er klukkan fjögur í dag og einnig er sýning klukkan átta.

MIÐVIKUDAGUR 8. MARS

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Þjóðleikhúsið heiðrar minningu Svövu Jakobsdóttur sem hefði orðið 75 ára á þessu ári. Svava hafði mikil áhrif á íslenskt menningarlíf og samfélag á seinni hluta 20. aldar og kom með skarpa sýn á stöðu konunnar í nútímasamfélagi. Leiksýningin er innblásin af fimm smásögum eftir Svövu og er leikritið fullt af söngvum og óvæntum uppákomum. Sýningin er klukkan fjögur í dag og einnig er sýning klukkan átta.

GLÆPUR GEGN DISKÓINU

Glæpur gegn diskóinu er eftir Gary Owen og er frábær sýning sem hefur komið hvað mest á óvart í langan tíma. Gary Owen þykir eitt af áhugaverðustu og bestu leikskáldum Breta í dag. Steypibaðsfélagið Stútur er hér í samstarfi við Vesturport og Borgarleikhúsið og úr verður hin besta skemmtun.

MANNTAFL

Í samstarfi við leikhópinn Þbilju. Ævintýrleg hetjusaga manns, sem bjargaði lífi sínu í einangrunarfangelsi nasista með því að iðka skáklistina, íþrótt íþróttanna. Þannig hélt hann styrk sínum gegn fantalegum yfirheyrslum Gestapomanna, en var, fyrir bragðið, næstum búinn að missa vitið. SNILLDARLEG SKÁK-FLÉTTA

FIMMTUDAGUR 9. MARS

PÉTUR GAUTUR

Í kvöld er verk Ibsens, Pétur Gautur sýnt í Kassanum í Þjóðleikhúsinu. Í sýningunni nýtur mannlegt innsæi höfundarins sín til fulls og ímyndunarafli og hugmyndaauðgi hans fara á flug í þessari frumlegu uppsetningu Baltasars Kormáks sem flytur persónuna í nútímann. Björn Hlynur Haraldsson fer með aðalhlutverkið. Í öðrum hlutverkum eru m.a. Brynhildur Guðjónsdóttir, Ingvar E. Sigurðsson, Ólafur Egill Egilsson og Guðrún Gísladóttir.

VIRKJUNIN

Leikritið Virkjunin eftir nóbelsverðlaunahafann Elfriede Jelinek í leikgerð Maríu Kristjánsdóttur verður á Stóra sviði Þjóðleikhússins í kvöld. Leikstjóri er Þórhildur Þorleifsdóttir. Verkið er stjórnum prýtt. Leikendur eru meðal annars Arnar Jónsson, Björgvin Franz Gíslason, Gísli Pétur Hinriksson, Þórunn Lárusdóttir, María Pálsdóttir, Nanna Kristín Magnúsdóttir, Ólafur Steinn Ingunnarson, Rúnar Freyr Gíslason, Sólveig Arnarsdóttir og Þórunn Clausen.

BELGÍSKA KONGÓ

Eggert Þorleifsson fékk Grímuverðlaunin fyrir túlkun sína á Rósalind, gamalli konu á elliheimili sem fær heimsókn frá barnabarni sínu sem hún er ekki búin að tala við í sjö ár. Leikritið er sýnt á Litla Sviði Borgarleikhússins klukkan átta.


ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR

Einleikurinn Alveg BRILLJANT skilnaður gerist í næsta nágrenni við okkur öll á þessum síðustu og verstu tímum. Leikurinn er á gamansömum nótum enda þótt honum megi á köflum lýsa sem harmskoplegum og greinir frá ofur hvunn dagslegri miðaldra höfuðborgarmær, Ástu að nafni, sem býr í Grafarvoginum. Sýningin er í Borgarleikhúsinu á Litla sviðinu.

MÁNUDAGA KL 20:30

KALLARNIR

GILLZENEGGER – PARTY-HANZ



KALLARNIR ERU Í BODI HYDROXYCUT

**NÝ ANDLIT
Á SIRKUS
2006**

Í HUGUM KALLANNA ER FEGURÐIN ALLS EKKI AFSTÆÐ OG KEMUR POTTÞÉTT EKKI BARA
INNAN FRÁ. GILLZENEGGER OG PARTY-HANZ TAKA NOKKRA ÞEKKTA ÍSLENDINGA
OG BREYTA ÞEIM ÚR TREFLUM Í HNAKKA Í ÞÆTTINUM KALLARNIR Á SIRKUS

FYLGSTU MEÐ!



SIRKUS



ÞAD Á AD GERA MYND UM AVI ÞÍNA



HVER MYNDI LEIKA ÞIG?



BARBIEMEISTARI Í GERÐUBERGI

JUDITH JÚLÍUSDÓTTIR ER FATAHÖNNUÐUR. HÚN HANNAR FÖT Á BARBIEDÚKKUR SEM BERA SIG VEL Í KLÆÐUM JUDITHAR. JUDITH SÝNDI VERK SÍN Í GERÐUBERGI Á DÖGUNUM.

„Þetta eru stelpurnar mínar,“ segir Judith Júlíusdóttir sem var með sýningu á dögnum í Gerðubergi á munum sínum. Hún hefur hannað húsmuni og náð ótrúlegri færni í að veggfóðra. En það sem vakti áhuga blaðamanns Sirkuss var að hún frumhannar og þrjónar föt á barbídúkkur.

ÞRJÁTÍU DÚKKUR

„Ég kom með þrjátíu dúkkur en stelpurnar í Gerðubergi völdu svo bara þessar úr. Það var ekki pláss fyrir þær allar, ég vildi ekki velja heldur leyfði þeim að velja. Þetta er allt tengdadóttir minni að kenna, hún talaði við Guðrúnu forstöðumanneskju hér og hún vildi endilega fá mig til að sýna verkin og þannig kom þetta til. Henni fannst dúkkurnar svo

sníðugar,“ segir Judith að vonum ánægð með árangurinn.

„Ég hannaði kjólana og greiddi þeim svo eftir því hvernig ég klæddi þær. En annars er ég ekki lengi að gera einn kjól, það fer eftir því hvort það eru perlar á honum eða ekki. Það tekur svona einn dag, en það fer líka eftir búningunum,“ segir Judith sem keypti dúkkurnar í Góða hirðinum. Hún þvodi þeim og greiddi, puntaði þær upp og þá voru þær eins og nýjar.

STEND EKKI Í ÞESSU

„Þetta er bara svo gaman,“ heldur Judith áfram. „Ég byrjaði á þessu fyrir svona tveimur árum og ég hef þrjónað ógurlega mikið fyrir krakkana í Svíþjóð, næst elsta dóttir mín býr



þar og á stóra fjölskyldu,“ segir Judith. Judith fæddist árið 1920 á Atlastöðum í Fljótavík. Hún giftist Stefáni Ólafssyni árið 1943 á afmælisdeginum sínum sem er 19.mars. Þau Stefán eiga fjögur börn. Þau hjónin stofnuðu fyrirtæki sem bjó til mokkasínur undir nafninu Pepex og síðar stofnuðu þau töskugerð sem var fyrsta sinnar tegundar hér á Íslandi. Nú hefur Judith alfarið snúið sér að hannyrdum.

ROBERT MITCHUM MYNDI STANDA SIG

„Má hann vera dauður, ef svo er þá veit ég hver það mundi vera,“ segir tónlistarmaðurinn Óttar Proppé. „Það yrði enginn annar en Robert Mitchum. Hann er að visu látinn en ég mundi velja hann af því að hann er svo fallegur og yfirlætislaus leikari. Það verður svo heiður að sjá okkur hlið við hlið,“ segir Óttar. Robert Mitchum sem lést árið 1997 lék í yfir 100 myndum áður en hann kvaddi þennan heim. Robert Mitchum fæddist 1917 og meðal mynda sem hann lék í voru James Dean: Race with Destiny, Dead Man, Cape Fear og The Ambassador.

EFTIRFARANDI MÖNNNUM ÞARF AÐ SKEINA!

Það er rosalega mikið um það að menn skíti á sig. Sama hvert maður lítur, það er alltaf einhver sem er drullandi upp á bak. Ég er duglegur að fylgjast með því hvaða fólk hefur hægðir og ég ætla bara að fara yfir það hvaða mönnum þarf að skeina.

KRISTJÁN HREINSSON

Vanalega þegar menn lenda í því að skíta á sig þá reyna þeir að hætta því, en það er ekki tilfellið með Kidda Hreins. Hann hélt í einhverri vitfiringu að hann ætti séns í Eurovision keppnina með einhverjum ömurlegum lögum sem enginn man eftir. Hann fór síðan að grenja yfir því að lagið hennar Silvíu fór á netið, síðan hélt hann áfram að grenja eftir að hún vann og hann er ennþá grenjandi. Það þarf að rétta honum heilt bretti af klósettappir, svo hann geti skeint sér og þurrkað tárin úr augunum. Og Kiddi, þú ert á góðri leið með að verða hataðasti maður landsins, taktu ráðleggingu frá Big G. Láttu korktappa í þig!

ÁSGEIR KOLBEINS

Það þarf að skeina Kolb. Veit ekki af hverju, það þarf bara að skeina honum.

GÆJANN SEM SAMDI SPURNINGARNAR Í GETTU BETUR KEPPNI VERSLÓ OG KALLANNA

Dýrasta kvikmynd allra tíma miðað við verðbólgu?? Hverskonar spurning er þetta!? Núna veit ég og Hjóbba Ká allt sem hægt er að vita um kvikmyndir en þessi spurning

var náttúrulega bara kjaftæði! Pappir fyrir gæjann sem samdi spurningarnar.

HVERFISBARNUM

Ég viðurkenni það að Hverfisbarinn er ekki spendýr, en það þarf að skeina og spúla rassgatið á staðnum. Leiðinlegt að sjá gamla heimavöllinn skítandi svona á sig. Þegar ég, Hjóbba Ká, Hjenz, Hólm, Kolb og M3000 erum láttnir biða fyrir utan staðinn eins og almúginn í margar mínútur þá þarf að pappíra menn! Þegar við mætum á Ólíver þá er opnað fyrir okkur um leið og við mætum, við boðnir velkomnir og réttur einn ískaldur öl. Það er þjónusta.

DÓRA DNA (RAPPHLUNKURINN)

Dreng. Það þarf að skeina þér fyrir að segja að ég væri ekki hágæða sjónvarpsmaður. Ég veit ekki betur en að ég sé einn hæfileikaríkasti leikari og sjónvarpsmaður landsins. Pappíraðu þig dreng.

ÍSLENDINGARNIR Á VETRARÓLYMPÍULEIKUNUM

Við búum á landi sem heitir Íceland, en samt blásum við allsvakalegan jónsson í öllum vetrariþróttum. Það kepptu 5 Íslendingar í skíðum um daginn og það var held ég einn gæi sem að datt EKKI. Mér fannst það reyndar magnaður árangur því að í fyrsta skipti í sögu Íslands dattu ekki allir íslensku skíðamennirnir. En við náðum best 23. sæti. Pappír.

FUGLUM


Varð bara að koma fuglum aðeins héra inn. Ég er búinn að predika lengi að fuglar séu fávitur. Ég er búinn að vera í Jihad við fugla í þónokkum tíma núna, eða frá því að eitt kvikindi settist á húddið á bílnum mínum og hafði þar dýrindis hægðir. Það var temmliga pirrandi ef tekið er tillit til þess að ég nenni að bóna bilinn í mesta lagi tvisvar á ári og hann hægði sér á hann samdægurs. Núna eru þessir helvítis fuglar búnir að búa til einhverja flensu sem þeir reyna að drepa fólk með. Ef þið sjáið fugl, þá hlaupið þið eins hratt og þið getið í burtu. Ekki reyna að klappa honum, því að treystið mér, þeir þykast vera vinir ykkar en síðan líturðu undan og þá eru þeir að hægja sér á bilinn þinn.

IDOL

Það þarf að skeina Idolinu því að það kann enginn að syngja þar. Ég gæti skellt félagi mínum Rúnkaranum á sviðið í Smáralindinni og hann myndi spjara sig bara ágætlega kallinn. Annars finnst mér Palli og Einar Borða vera góð viðbót við dómaramkombóid. Það er náttúrulega ennþá verið að skeina Þorvaldi eftir síðustu keppni, of margir fimmaura-brandarar og engin punchline. ~~Seeeeeeeeeeeeeeeeeeelarl!~~ Kv, Gillz



31



JOSÉ GONZÁLEZ

& Siggi Ármann
13. mars á NASA við Austurvöll